FRÉTTABLAÐIÐ
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

AUGLÝSING

Afmælisdílar í allan dag!

Bara á nova.is fyrir alla hjá Nova.
Engin röð og endalaus gleði!

5.000 kr. afsláttur

Apple Watch
SE LTE 40mm
64.990 kr.
~~Fullt verð: 69.990 kr.~~

Nýtt eSIM

15.000 kr. afsláttur

Apple iPhone
11 Pro Max 64GB
179.990 kr.
~~Fullt verð: 194.990 kr.~~

NOVA

Ring
Dyrabjalla 3

24.990 kr.

~~Fullt verð: 34.990 kr.~~

Samsung Galaxy
S20 FE 5G 128GB

119.990 kr.

~~Fullt verð: 139.990 kr.~~

Samsung Galaxy
A20e 32GB

24.990 kr.

~~Fullt verð: 29.990 kr.~~

Samsung Galaxy
A51 128GB

54.990 kr.

~~Fullt verð: 59.990 kr.~~

Sonos
Move

54.990 kr.

~~Fullt verð: 69.990 kr.~~

Nokia
3310 3G

8.991 kr.

~~Fullt verð: 9.990 kr.~~

OnePlus
N100 64GB

34.990 kr.

~~Fullt verð: 39.990 kr.~~

OnePlus
8T 128GB

119.990 kr.

~~Fullt verð: 129.990 kr.~~

Apple
iPad Wifi (8th GEN)

61.990 kr.

~~Fullt verð: 66.990 kr.~~

Xiaomi Roborock S6
Snjallsuga

79.990 kr.

~~Fullt verð: 99.990 kr.~~

Úrlausn hjá Nova

Nældu þér í nettengt snjallúr og skildu símann eftir heima með Úrlausn hjá Nova!

Nýtt eSIM

Samsung Galxy Watch
Active 2 LTE 44mm

39.990 kr. eSIM

~~Fullt verð: 59.990 kr.~~
Ál útgáfa

Samsung Galaxy Watch
3 LTE 41mm

79.990 kr. eSIM

~~Fullt verð: 84.990 kr.~~

Apple Watch
Series 5 LTE 40mm

84.990 kr. Nýtt eSIM

~~Fullt verð: 89.990 kr.~~

Allskonar greiðslumöguleikar!

Með Aur, Netgíró eða Borgun.

AUR BORGUN netgíró

Besti díllinn!

FRÉTTABLAÐIÐ

254. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 1. DESEMBER 2020

Vaskir fjallaskíðagarpar nýttu sér veðurblíðu á sunnudag og gengu á Skálafell til að renna sér eina góða ferð í nýsnævinu. Hundurinn fór léttfættur fyrir leiðangrinum. Í dag viðrar ekki vel til útivistar því spáð er hvassviðri og rigningu. Eftir að lægðin gengur yfir tekur við frostakafli sem samkvæmt Veðurstofu Íslands stendur fram á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tugir húsa á nýju hættusvæði

Með nýju mati Veðurstofunnar fyrir Flateyri færast á þriðja tug húsa á hættusvæði C. Von er á nýju hættumati fyrir fimm aðra staði. Sérfræðingur hjá Veðurstofunni segir varnargarða hvergi fullkomlega örugga.

NÁTTÚRUVÁ „Það þarf að taka tillit til þess í ríkisviðbúnaði að virkin eru hvergi fullkomlega örugg," segir Tómas Jóhannesson, fagstjóri og sérfræðingur í ofanflóðamálum hjá Veðurstofu Íslands. „Þegar aðstæður verða mjög slæmar er möguleiki á að grípa þurfi til rýmingar til að tryggja öryggi."

Nýtt hættumat hefur verið gert fyrir Flateyri og hættusvæðið útfært. Á þriðja tug húsa eru nú komin inn á hættusvæði C, sem er efsta stigið, og um sjötíu á ýtrasta rýmingarstig. Þá fer C-svæði 250 metrum lengra inn á höfnina og inn á land sunnan og vestan við hana. Mikið tjón varð á höfninni í snjóflóði úr Skollahvilft í janúar.

„Þessi áhrif, sem voru þekkt fyrir, eru öflugri en við gerðum ráð fyrir," segir Tómas. Segir hann þurfa að finna leiðir til að komast hjá því að flóð endi í höfninni. Tekur Tómas því undir með hafnarstjóra Ísafjarðar en hann benti á það í nýlegri skýrslu að garðarnir hefðu beint flóðinu inn í höfnina sem væri óviðunandi fyrir atvinnulíf þorpsins.

Í ljósi þess að það flæddi yfir garðana á Flateyri, inn í byggð, er verið að vinna hættumat fyrir fimm sambærilega varnargarða. Á Ísafirði, Bíldudal, Siglufirði, Ólafsfirði og Neskaupstað. „Það er gert ráð fyrir ákveðinni hættu á yfirflæði og að snjódýpt verði meiri en stoðvirki eru hönnuð fyrir. Það er undantekningarlaust hættusvæði undir öllum þessum varnarvirkjum og ákveðin áhætta í byggðinni þar undir," segir Tómas. „Flóðin á Flateyri sýndu okkur að hættan er meiri en við gerðum ráð fyrir."

> **Þegar aðstæður verða mjög slæmar er möguleiki á að grípa þurfi til rýmingar til að tryggja öryggi.**
>
> Tómas Jóhannesson fagstjóri

Hafsteinn Pálsson, verkfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, segir að vinna sé hafin við að skoða endurbætur á görðunum á Flateyri, út frá sviðsmyndum og líkanakeyrslum. „Ég á von á því að sú mynd skýrist snemma á næsta ári," segir hann.

Kostnaðurinn liggur hins vegar ekki fyrir vegna endurbóta á Flateyri. Enn þá liggi ekki fyrir hvort garðarnir á hinum fimm stöðunum verði styrktir eða þeim breytt.

„Við erum í miðri á," segir Hafsteinn um stöðu ofanflóðavarna í landinu, sem voru efldar eftir snjóflóðin á Flateyri og Súðavík árið 1995. Enn þá séu margir staðir að hluta óvarðir og stór verkefni eftir. Nefnir hann garða á Patreksfirði, Bíldudal, Tálknafirði, Hnífsdal, Siglufirði, Seyðisfirði, Neskaupstað og Eskifirði.

Gangi fjárlagafrumvarpið eftir verða fjárveitingar til Ofanflóðasjóðs tæpir 2,7 milljarðar á næsta ári. Er það aukning um 1,6 milljarða. Er fjármagnið bæði ætlað til að byggja og bæta varnargarða og til uppkaupa á íbúðarhúsnæði á hættusvæðum. – khg

Sérsniðin jóladagatöl

LÍFIÐ Fótboltamömmurnar Berglind Ingvarsdóttir og Tobba Ólafsdóttir tóku málin í sínar hendur þegar þær komust að því að hvergi væri að finna jóladagatöl með myndum af knattspyrnukonum.

„Dóttir mín sá sem sagt strákafótboltajóladagatal og sagði við mig að hana langaði í svona. Bara með stelpum," segir Berglind sem fékk Tobbu í lið með sér við að útbúa sitt eigið dagatal.

„Undirtektirnar voru strax þannig að ekki var um að villast að það væri eftirspurn," segir Tobba um dagatalið. – þþ / sjá síðu 26

Draga úr hraða fyrir áramótin

REYKJAVÍK „Við erum að skoða hraðalækkandi aðgerðir um alla borg og ég vonast til að þær verði samþykktar fyrir áramót," segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Borgin bað íbúaráðin um umsögn um hámarkshraðaáætlun nú í haust og er nú unnið úr athugasemdum.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs

Tillögurnar snúa að því að lækka hámarkshraðann inni í hverfum úr 60 niður í 50 og 50 niður í 40 eða 30. Sem dæmi er lagt til að hraðinn á Borgavegi í Grafarvogi fari úr 50 niður í 40 og í Vesturbergi í Breiðholti niður í 30 úr 50 kílómetra hámarkshraða.

Talsvert hefur verið rætt um frumvarp Andrésar Inga Jónssonar, þingmanns utan flokka, um lækkun hámarkshraða. Sigurborg var honum innan handar við smíði frumvarpsins. „Sú tillaga snýr að lagarammanum, að götur í þéttbýli séu ekki sjálfkrafa með 50 kílómetra hámarkshraða, heldur 30. Svo líka að það sé á ávallt á forræði sveitarfélaga að ákvarða hámarkshraða í þéttbýli, ekki Vegagerðarinnar," segir hún. „Nágrannaþjóðir okkar eru að lækka viðmiðunarhraðann í þéttbýli, síðan er það sveitarfélaga að rökstyðja breytingar á því." **– ab**

Styrktarfé lagt í viðspyrnusjóð

REYKJAVÍK Faghópur Úrbótasjóðs tónleikastaða í Reykjavík vill að komið verði upp viðspyrnusjóði tónleikastaða til að styðja við viðburðahald á aðventunni í formi streymis. Þannig fái mikilvægir tónleikastaðir verkefni og tónlistarfólk laun á krefjandi tímum.

Reykjavíkurborg myndi leggja sjóðnum til rúmar 3,5 milljónir króna sem til stóð að úthluta sem styrk til tónlistarstaða fyrr á árinu. Alls átti að úthluta 9,5 milljónum í ýmis verkefni hjá níu stöðum, gegn jafnháu mótframlagi þeirra. Aðeins tókst að greiða styrki út til fimm staða en hinir fjórir urðu gjaldþrota áður en til úthlutunar kom. Þá voru dæmi þess að styrkir væru afþakkaðir því staðir höfðu ekki efni á mótframlaginu. **– þþ**

RÚV ekki inni í frumvarpi Lilju

STJÓRNMÁL Fjölmiðlafrumvarp Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, verður lagt fram í vikunni.

Málið var afgreitt úr þingflokkum stjórnarflokkanna í gær, nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins gerðu þó fyrirvara.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun frumvarpið ekki ná til umsvifa Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.

Fyrirkomulag styrkveitinga verður ekki óbreytt frá fyrra frumvarpi sem komst ekki í gegnum þingflokk Sjálfstæðisflokksins. Þegar hafði verið greitt út 400 milljónir króna til einkarekinna miðla samkvæmt fyrra frumvarpi og því verða sömu fjárhæðir undir nú. Opnað verður á skilgreiningu á því hvaða fjölmiðlar geta sótt um styrki. Meðal þeirra sem opnað verður á eru fjölmiðlar sem sérhæfa sig í umfjöllun um íþróttir **– ab**

Húsin mjakast upp



Framkvæmdir við nýja byggingu Landsbanka Íslands sunnan við Hörpu ganga sinn gang þrátt fyrir heimsfaraldur kórónaveiru, vaxandi skammdegi og versnandi veður eftir því sem veturinn herðir tökin. Áætlað er að nýjar höfuðstöðvar verði teknar í notkun á árinu 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skólahaldið nánast óbreytt í faraldrinum

Skólahald hefur haldist nánast óbreytt í listalýðskólanum LungA á Seyðisfirði því að nemendahópurinn býr sem ein fjölskylda. Mikil aðsókn er að utan í skólann og kunna erlendu nemendurnir vel að meta öryggið hér á Íslandi.

AUSTURLAND „Við erum bara á öruggasta stað í heimi, held ég," segir Björt Sigfinnsdóttir, skólastýra og einn stofnenda listalýðskólans LungA á Seyðisfirði. Þrátt fyrir COVID-19 hefur tekist að halda starfi skólans nánast óbreyttu þær tvær annir sem faraldurinn hefur geisað.

„Þetta hefur tekist hjá okkur vegna þess að við lifum sem ein fjölskylda. Nemendur búa saman og tilheyra því sama sóttvarnahólfi," segir Björt. Um sautján nemendur sækja skólann á hverri önn, ásamt tveimur starfsnemum og um fjórum einstaklingum sem dvelja þar í listamannadvöl. „Í eðlilegu árferði fáum við til okkar tólf til fimmtán gestakennara en núna höfum við nýtt það góða fólk sem er hér í bænum í meira mæli," útskýrir Björt.

„Nemendurnir búa saman á Haföldunni, fallegasta farfuglaheimili í heimi, og þar eiga þau öll sitt herbergi en deila eldhúsi og sameiginlegum rýmum, svo deila þau með sér verkum," segir Björt. Í skólanum er nemendum, sem eru á aldrinum 18-36 ára, kennd lífsfærni í gegnum skapandi hugsun. Þau fá að kynnast hinum ýmsu listformum og tækni en Björt segir skólastarfið alls ekki hefðbundið.

„Skólinn hættir ekki klukkan fjögur heldur fer mikið af lærdómnum fram eftir að skipulögðu skólastarfi lýkur," segir hún. „Þau læra mikið á því að búa saman því þarna er komið saman mikið af fólki með ólíkan bakgrunn og á ólíkum aldri, þau taka ábyrgð á heimilishaldinu og læra hvert af öðru allan sólarhringinn," bætir Björt við.

Þá segir hún faraldurinn hafa haft ýmiss konar áhrif á skólahaldið þrátt fyrir að ekki hafi verið mikið um breytingar. „Við erum vön að halda sýningar og bjóða nærsamfélaginu í heimsókn en núna höfum við haldið okkur út af fyrir okkur. Svo hafa einhverjir nemendur þurft að hætta við," segir hún.

Hluti af aðstöðu skólans er í þessu húsi sem stendur út með Seyðisfirðinum. Erlendir nemendur kunna vel að meta öryggið á Íslandi. MYND/AÐSEND

> **Þetta hefur tekist hjá okkur vegna þess að við lifum eins og ein fjölskylda.**
>
> Björt Sigfinnsdóttir, skólastýra



Vanalega eru um 40 prósent nemenda í skólanum Íslendingar en 60 prósent erlendir ríkisborgarar, í ár hefur skiptingin verði jöfn, helmingur frá Íslandi og helmingur erlendur.

„Faraldurinn hefur ekki breytt miklu í aðsókn að utan. Við erum náttúrulega hér á Seyðisfirði þar sem ekkert smit hefur greinst og miðað við restina af heiminum erum við mjög heppin," segir Björt.

Hún segir nánast alla þá erlendu nemendur sem stunduðu nám við skólann á vorönn hafa ílengst á Íslandi. „Þau ákváðu öll að vera hérna að minnsta kosti mánuði lengur og sum eru hér enn því að þeim finnst öruggara að vera hér," segir hún. **birnadrofn@frettabladid.is**

Falleg gjöf?

Þú færð allt frá Bitz í Vogue og á Vogue.is

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Landspítalinn við Hringbraut.

Asbest hverfur úr spítalanum

HEILBRIGÐISMÁL Vinna stendur yfir við að fjarlægja asbest úr risi aðalbyggingar Landspítalans við Hringbraut „Þarna er um að ræða asbestklæðningar í tæknirými í risinu. Við breytingar á loftræstikerfum í þeim hluta voru fengir viðurkenndir aðilar til að fjarlægja allt asbest á því svæði og koma til förgunar samkvæmt reglum þar um. Þessi vinna fór fram að hluta árið 2019 en vinnan sem nú stendur yfir ætti að klárast á næstu dögum," segir Birna Helgadóttir, forstöðumaður aðfanga og umhverfis á þjónustusviði Landspítalans

Að hennar sögn er asbestklæðningar að finna á takmörkuðum svæðum í eldri húsum Landspítalans sem byggð voru á árunum 1930-1960. **– þþ**

Óbreytt útsvar á Seltjarnarnesi

SELTJARNARNESBÆR Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, segir að ekki standi til að hækka útsvar né fara í harðan niðurskurð á rekstri bæjarins.

Ásgerður Halldórsdóttir

Mikill hallarekstur hefur verið á bæjarsjóði undanfarin fimm ár og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun.

Á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku var lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og var þar gert ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 136 milljónir króna. Minnihluti bæjarstjórnar lagði til að útsvar yrði hækkað úr 13,70 prósentum í 14,48 prósent til að stemma stigu við ósjálfbærum rekstrinum.

Ásgerður sló þær hugmyndir út af borðinu og lét bóka að fjárhagsstaða bæjarins væri sterk og skuldir langt undir viðmiðunarmörkum. **– þþ**

Dómaralaus endurupptökudómur tekinn til starfa

DÓMSMÁL Þótt endanleg niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu í landsréttarmálinu liggi fyrir í dag, gæti réttaróvissa vegna málsins varað lengur.

Í dómi MDE sem féll 12. mars í fyrra segir það sé íslenska ríkisins að finna leiðir til að binda enda á brot þess. Er meðal annars vísað til heimilda til endurupptöku máls í þeim tilfellum þar sem brot átti sér stað.

Þeir fjórir dómarar sem málið tekur til dæmdu 120 einkamál og 85 sakamál á þeim rúmu 14 mánuðum frá því þeir voru skipaðir og þar til dómur MDE var kveðinn upp.

> **Þeir fjórir dómarar sem málið tekur til dæmdu 120 einkamál og 85 sakamál**

Staðfesti yfirdeild MDE fyrri dóm réttarins í málinu kunna einhverjir að leita eftir endurupptöku sinna mála.

Nú ber hins vegar svo við að lög um nýjan endurupptökudóm taka gildi í dag og skipun endurupptökunefndar er fallin niður. Dómarar við hinn nýja dómstól hafa hins vegar ekki verið skipaðir en einn nefndarmanna í dómnefnd sem metur hæfi umsækjenda um dómaraembætti lýsti sig vanhæfa til setu í nefndinni.

Alþingi fékk beiðni frá dómsmáraðuneytinu 13. október um kosningu nýs nefndarmanns en kosning hans fór ekki fram fyrr en rúmum sex vikum síðar eða 26. nóvember. Þetta kemur fram í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í svarinu kemur einnig fram að sjö beiðnir um endurupptöku sem bárust fyrir 1. desember muni flytjast yfir til Endurupptökudóms og ljóst að afgreiðsla þeirra muni frestast þar til dómurinn er fullskipaður. **– aá**

Að baki tölunum eru börn

Félags- og barnamálaráðherra kynnti í gær breytingar á barnaverndarkerfi sem eiga að tryggja samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Eitt markmiðið er að safna gögnum um börn á Mælaborð barna.

SAMFÉLAG Hugmyndin að Mælaborði barna er byggð á vinnu Kópavogsbæjar, UNICEF á Íslandi og félags- og barnamálaráðuneytisins að sögn Hjördísar Evu Þórðardóttur, sérfræðings í félags- og barnamálaráðuneytinu, sem sér um þróun og innleiðingu mælaborðsins.

Hún segir mælaborðið styðja við samþættingu, forgangsröðun og stefnumótun í hinu nýja kerfi sem Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, kynnti í gær.

„Öll þjónusta á að byggja á tölfræði og greiningu gagna sem eru á mælaborðinu," segir Hjördís Eva.

Hún segir nánari útfærsla mælaborðsins vera í vinnslu innan stýrihóps á vegum Stjórnarráðsins. Í stýrihópnum eiga níu ráðuneyti fulltrúa, auk Hagstofu Íslands, umboðsmanns barna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið er að uppsetningu mælaborðs fyrir ríki og sveitarfélög. Gögnin sem mynda mælaborðið eru fengin víða úr samfélaginu, frá Hagstofunni, Rannsóknum og greiningu, barnavernd, HSBC rannsókn og Skólapúlsinum.

„Til að tryggja aukið jafnræði barna og tryggja að við séum að stuðla að því að viðkvæmasti hópur barna og þau málefni sem er brýnt að tekið sé á hverju sinni séu aðgengileg. Það er til mjög mikið af gögnum og skýrslum um börn sem koma fram og vekja athygli, umtal og umræðu en enda ofan í skúffu. Það vilja allir gera vel en það hefur vantað heildstæða sýn og markvissa eftirfylgni með tölfræðigögnunum. Með því að setja þau fram í mælaborðinu erum við að tryggja að þessi gögn séu nýtt með markvissari hætti en líka að það sé verið að nota gagnreyndar aðferðir og gögn til að marka stefnu um börn á Íslandi og ekki síst viðkvæmustu hópa barna," segir Hjördís Eva.

Hugmyndin að mælaborðinu byggist á vinnu Kópavogs, Unicef á Íslandi og ráðuneytis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Öll þjónusta á að byggja á tölfræði og greiningu gagna sem eru á mælaborðinu.**

Hjördís Eva Þórðardóttir, sérfræðingur í félags- og barnamálaráðuneytinu

Í mælaborðinu eins og það er í Kópavogi er að finna vísitölu barnvæns sveitarfélags og segir Hjördís Eva að starfshópurinn sem vinni að mælaborðinu muni skoða hvort fara eigi sömu leið. Það verði þó gert í fullu samráði við þau sveitarfélög sem koma til með að taka þátt í verkefninu.

„Vísitala er möguleg leið fyrir ríki og sveitarfélögin til að fylgjast með þróun á líðan og velferð barna, hvort þróunin sé jákvæð eða neikvæð, jafnt sem hún styður við forgangsröðun málefna sem eru brýnust hverju sinni.

Með því að nýta tölfræðigögn um velferð barna í stefnumótun með markvissari hætti er stuðlað að betri forgangsröðun og ráðstöfun fjármuna. Við megum líka aldrei gleyma því að, að baki tölunum eru auðvitað börn og líf og því er gríðarlega mikilvægt að bregðast við," segir Hjördís Eva.

lovisa@frettabladid.is

ÍSBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Nýir tímar kalla á nýja nálgun

Simply Travel – einfaldleiki og sveigjanleiki í flugi

Hvað þýðir Simply Travel?

Núna er einfaldara að bóka og breyta. Ef þú vilt skipta um áfangastað eða breyta dagsetningum greiðir þú ekkert breytingagjald. Ef þú þarft að fresta ferð getur þú breytt farmiða í ferðainneign og ef aðstæður kalla á skyndilega heimferð gerum við allt sem við getum til að koma því í kring, svo þú getir lagt áhyggjulaus af stað.

Allt þetta og fleira til felst í uppfærðum ferðaskilmálum okkar.

Kynntu þér uppfærða skilmála á **icelandair.is**

Bókaðu eða breyttu. Sveigjanleiki er alltaf innifalinn.

ICELANDAIR

Verslunarmiðstöðin Fjörður.

Bókasafn flytur í nýtt húsnæði

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt að undirrita bindandi samkomulag við 220 Fjörð ehf., rekstraraðila samnefndrar verslunarmiðstöðvar, um að kaupa eða leigja á bilinu 1.200 - 1.500 fermetra rými af fyrirtækinu.

220 Fjörður ehf. ráðgerir að byggja allt að 6.000 fermetra nýbyggingu á lóð að Strandgötu 26-30 en ekki hefur verið ákveðið hvort bærinn fái rými í nýbyggingunni eða gamla húsnæðinu. Aðilar samkomulagsins eru sammála um að bókasafn bæjarins muni flytja í rýmið. Ráðgert er að framkvæmdir hefjist á tímabilinu 2021-2023 og síðan fær bærinn rýmið afhent tilbúið til innréttinga á tímabilinu 2023-2026. **– þþ**

Tilgangurinn með þjóðgarði

UMHVERFISMÁL Landvernd efnir í dag til ráðstefnu á Facebook-síðu sinni um af hverju þjóðgarður á hálendi Íslands sé góð hugmynd.

„Náttúra Íslands er verðmæt auðlind og sameign okkar allra. Á ráðstefnunni verður skoðað hvernig þjóðin getur sem best notið þessara verðmæta, bæði í efnahagslegum skilningi og til þess að auðga lífið," segir í tilkynningu Landverndar.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Meðal þeirra sem flytja erindi á ráðstefnunni eru Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Carol Ritchie, framkvæmdastjóri EUROPARC, sambands verndarsvæða í Evrópu. Samkvæmt frumvarpi á Alþingi yrði land í sameign þjóðarinnar innan miðhálendislínu gert að þjóðgarði. „Hálendisþjóðgarður myndi ná yfir um 30 prósent af Íslandi, en um helmingur mögulegs Hálendisþjóðgarðs nýtur nú þegar verndar," segir í tilkynningunni. **– gar**

Auka þurfi niðurgreiðslur á gleraugum barna

FÉLAGSMÁL Fimm þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að samræma greiðsluþátttöku á gleraugum og heyrnartækjum barna. Ríkið niðurgreiðir heyrnartæki að fullu en niðurgreiðslur gleraugna eru takmarkaðar.

Niðurgreiðsla gleraugna getur verið allt að 7.500 krónur á gler miðað við styrk og 9.000 krónur ef um er að ræða sterk sjónskekkjugler. Umgjarðir, sundgleraugu og hreyfingargleraugu eru ekki niðurgreidd og börn 9 til 17 ára eiga aðeins endurgreiðslurétt annað hvert ár.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er langalgengast að foreldrar fái 4.000 krónur niðurgreiddar á hvert gler. Það er 8.000 krónur af gleraugum sem kosta yfirleitt á bilinu 30 til 40 þúsund krónur. Hafi reglurnar ekki breyst síðan árið 2005. Það ár var niðurgreiðslan lækkuð um 1.000 krónur á gler og hefur verið föst krónutala síðan þá og ekki fylgt verðlagi. Hafa endurgreiðslurnar sem hlutfall af heildarkostnaði því sífellt lækkað með hækkandi verði gleraugna.

> **Ríkið niðurgreiðir heyrnartæki barna að fullu en lítinn hluta gleraugnakostnaðar.**

Silja Dögg Gunnarsdóttir, fyrsti flutningsmaður tillögunnar, segir að málið hafi ekki verið rætt í þinginu en á ekki von á að það verði mjög umdeilt. Reglurnar þurfi að uppfæra og laga. „Ég held að flestum þyki þetta vera þarft réttlætismál," segir hún. **– khg**

Um sjötíu prósent fylgjandi sameiningu sveitarfélaganna

Stuðningur við sameiningu fimm sveitarfélaga á Suðurlandi er mikill í öllum nema einu. Sveitarstjórnir taka ákvörðun um formlegar viðræður í desember og kosningar gætu orðið um mitt næsta ár. Samanlagður íbúafjöldi yrði um fimm þúsund manns og myndi þýða að sveitarfélagið hefði sterkari rödd.

SUÐURLAND Sveitarstjórnir fimm sveitarfélaga á Suðurlandi taka ákvörðun í desember um að fara í formlegar viðræður um sameiningu. Þegar hafa verið haldnir fimm rafrænir kynningarfundir fyrir íbúa Rangárþings eystra og ytra, Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps og Ásahrepps.

Ef verður af sameiningu myndast víðfeðmasta sveitarfélag landsins sem þar með slær meti Múlaþings við, en það varð til eftir sameiningu fjögurra sveitarfélaga í haust. Íbúafjöldinn yrði rúmlega fimm þúsund manns.

„Sameining myndi þýða að við hefðum sterkari rödd við borðið í samtalinu við ríkið og hægt væri að auka fagmennsku og sérhæfingu á öllum stigum stjórnsýslunnar," segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra og formaður verkefnahópsins.

Hann segir að vegna faraldursins hafi viðræðurnar tafist, stefnt hafi verið að því að taka ákvörðun um formlegar viðræður í haustbyrjun. Núna sé ekki ólíklegt að kosið verði um sameiningu í bindandi íbúakosningu um mitt næsta ár. En fulltrúar munu samt vanda sig og taka sér sinn tíma.

Zenter rannsóknir gerðu nýlega skoðanakönnun á afstöðu íbúanna. Kom þar fram að 69 prósent þeirra eru hlynnt en 16 prósent andvíg. Hlutfallið er nokkuð jafnt í fjórum stærstu sveitarfélögunum. Í Ásahreppi var 41 prósent hlynnt og 43 prósent andvíg.

Anton segir að verði sameining felld í einhverju sveitarfélaganna þýði það ekki að hin myndu samt sameinast. Þá væri það sveitarstjórna að taka umræðuna upp aftur og þá hugsanlega leggja fram nýja tillögu án þeirra sem höfnuðu.

Mýrdalshreppur hefur fundið verulega fyrir efnahagslegum afleiðingum faraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> **Við færum ekki út í þetta nema við teldum alla íbúa hagnast á því.**
>
> Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra

„Vissulega hefur fólk áhyggjur af ýmsum hlutum. En tilgangurinn er að bæta alla þjónustu en ekki skerða hana. Við færum ekki út í þetta nema við teldum alla íbúa hagnast á því," segir Anton. Í Múlaþingi var nokkru valdi haldið í byggðarlögunum með stofnun heimastjórna, til dæmis á Seyðisfirði og Djúpavogi. Anton segir að slíkar lausnir hafi einnig verið ræddar í tengslum við sameiningu á Suðurlandi. Það væri þó umræða sem þyrfti að eiga sér stað í formlegum viðræðum.

„Við viljum að flest störf sem verða til í sveitarfélaginu verði störf án staðsetningar. Að fólk geti valið sér búsetu hvar sem er innan þess," segir hann.

Öll fimm sveitarfélögin reiða sig mikið á ferðaþjónustu og hafa orðið fyrir hvað mestu tekjufalli á landinu í ár vegna faraldursins. Fyrir utan tafir og rafræna fundi segir Anton að núverandi fjárhagsstaða hafi ekki breytt neinu varðandi sameiningaráformin. „Við erum bjartsýn á að ferðaþjónustan hljóti að jafna sig og komast aftur á fullt skrið þegar mesta faraldrinum sleppir," segir hann. **kristinnhaukur@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Ein bestu sjónvarpskaupin
fyrir þessi jól!

99.990kr

enox.®
enjoy life
Þýsk gæði

65” snjallsjónvarp á einstöku verði

Enox Clarity Line 65” snjallsjónvarp CL65S-4K. Ný 2021 lína. Frábær mynd. Sérstaklega aðlagað að Netflix, líka Netflix takki á fjarstýringu. Upplausn 3840x2160. 60Hz. **1860800**

husa.is

Fjölmargir lágu í valnum.

Minnst 110 látnir í árás Boko Haram

NÍGERÍA Minnst 110 létust í árásum Boko Haram í norðausturhluta Nígeríu á sunnudag. Þetta er haft eftir talsmönnum Sameinuðu þjóðanna í landinu.

Árásin átti sér stað við þorpið Koshobe þar sem árásarmennirnir réðust á almenna borgara úti á hrísgrjónaökrum. Samkvæmt sjónarvottum var fórnarlömbunum safnað saman og þau bundin áður en árásarmennirnir tóku þau af lífi með því að skera þau á háls.

Muhammadu Buhari, forseti Nígeríu, hefur fordæmt árásina og segir „landið allt hafa verið sært með þessum tilgangslausu morðum“.

Þetta er ein hræðilegasta árás á svæðinu síðastliðna mánuði en í síðasta mánuði létust 22 akuryrkjubændur í árás Boko Haram. **– atv**

Frá útför Fakhrizadeh.

Íranir segja morðið fjarstýrt

ÍRAN Íranskur öryggisfulltrúi hefur sakað Ísrael um að beita fjarstýrðum vopnum við morðið á kjarnorkuvísindamanninum Mohsen Fakhrizadeh. Fakhrizadeh var myrtur í skotárás skammt frá höfuðborginni Teheran síðastliðinn föstudag. Hann var háttsettur í íranska hernum og talið er að hann hafi verið yfir kjarnorkuvopnaverkefni landsins. Írönsk yfirvöld sögðu í fyrstu að morðið á Fakhrizadeh hefði verið framið af mönnum vopnuðum vélbyssum og sprengiefni.

Íranska ríkisfréttastofan Fars segir Fakrizadeh hafa verið myrtan með fjarstýrðri vélbyssu úr kyrrstæðum bíl.

Ali Shamkani, ritari þjóðaröryggisráðs Íran, varpaði hins vegar ásökununum fram í útför Fakhrizadeh þar sem hann sagði að enginn árásarmaður hefði verið á staðnum og að aðgerðinni hefði verið fjarstýrt. Íranska ríkisfréttastofan Fars hefur einnig greint frá því að Fakrizadeh hafi verið myrtur með fjarstýrðri vélbyssu úr kyrrstæðum bíl sem hafi sprungið nokkrum mínútum síðar. Yfirvöld í Ísrael hafa ekki sent frá sér neinar yfirlýsingar vegna morðsins en Íranir hafa hótað hefndum. **– atv**

Eldgos í Indónesíu

Þúsundir íbúa hafa flúið heimili sín á eyjunni Lembata í Indónesíu eftir að gos hófst í eldfjallinu Ili Lewotolok á sunnudag. Samkvæmt fulltrúa almannavarna í landinu lést enginn í gosinu. Indónesía er eitt virkasta eldfjallasvæði heims en þar eru alls 129 virk eldfjöll. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Krefst afsökunarbeiðni Kína

Samskipti Ástralíu og Kína eru við frostmark eftir umdeilda myndbirtingu háttsetts kínversks embættismanns á Twitter. Kínverjar segja Ástrali endurtekið hafa tekið ákvarðanir gegn þeirra hagsmunum.

ÁSTRALÍA Ástralir eru ævareiðir Kínverjum eftir að fulltrúi utanríkisráðuneytis Kína, Zhao Lijian, birti umdeilda mynd á Twitter-reikningi sínum. Um var að ræða sviðsetta mynd af áströlskum hermanni þar sem hann heldur hníf að hálsi afgansks drengs undir yfirskriftinni: „Ekki vera hræddur, við erum að koma á friði.“

Er um að ræða tilvísun í niðurstöður nýlegrar skýrslu þar sem haldið var fram að ástralskir hermenn hefðu drepið 39 óbreytta borgara og fanga í Afganistan. Hefur skýrslan vakið gríðarlega athygli í Ástralíu en þrettán hermönnum var vikið úr starfi eftir að hún var gerð opinber. Þá hefur ástralski herinn farið fram á að rannsakað verði hvort hermennirnir hafi gerst sekir um stríðsglæpi.

Auk myndbirtingarinnar skrifaði Lijian að hann væri miður sín yfir morðum ástralskra hermanna og að Kínverjar fordæmdu slíkar gjörðir og gerðu kröfu um að þeim sem bæru ábyrgð á þeim yrði refsað.

Scott Morrison, forsætisráðherra Ástralíu, hefur krafist þess að Twitter fjarlægi myndina sem hann segir ósmekklega og falsaða. Þá fór hann einnig fram á að utanríkisráðuneyti Kína bæðist formlega afsökunar á birtingunni. „Kínversk stjórnvöld ættu að skammast sín fyrir þessa birtingu. Þetta lítillækkar þau í augum heimsins.“ Játaði forsætisráðherrann að það andaði köldu milli þjóðanna en að þetta væri ekki leiðin til að leysa deilurnar.

Samskipti Ástrala og Kínverja hafa verið kuldaleg undanfarið þrátt fyrir mikil viðskipti milli þjóðanna. Ástralar hafa á undanförnum árum gagnrýnt Kínverja fyrir hernaðarbrölt í Suður-Kínahafi, meðferð á Úígúrum, afskipti af Hong-Kong og Taívan og ýmis mannréttindabrot. Í apríl voru Ástralir í hópi þjóða sem kölluðu eftir alþjóðlegri rannsókn á uppruna kórónaveirunnar sem féll í grýttan jarðveg hjá kínverskum yfirvöldum. Svöruðu Kínverjar með því að setja margs konar hömlur á innflutning ástralskra matvæla til Kína, til að mynda hærri tolla og margs konar tafir við innflutning á landamærum. Þrátt fyrir erjurnar voru Kínverjar og Ástralir í hópi fimmtán ríkja Austur-Asíu og Eyjaálfu sem skrifuðu undir gríðarstóran fríverslunarsamning í byrjun nóvember.

Um miðjan nóvember skrifuðu Ástralir undir varnarsamning við Japan sem Kínverjar líta á sem beina ögrun. Kínverjar líta á Ástrali sem eina helstu bandamenn Bandaríkjamanna í Vestur-Kyrrahafi og töldu þeir að samningurinn við Japani væri að undirlagi Bandaríkjamanna. „Ástralir taka síendurteknar ákvarðanir sem ganga gegn hagsmunum Kína, sem er ástæðan fyrir hratt hnignandi samskiptum þjóðanna á þessum erfiðu tímum,“ sagði áðurnefndur Lijian á blaðamannafundi við það tækifæri og sagði að ábyrgðin á versnandi samskiptum ríkjanna lægi hjá Ástralíu.

bjornth@frettabladid.is

Scott Morrison, forsætisráðherra Ástralíu, fordæmdi myndbirtingu kínverska embættismannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kínversk stjórnvöld ættu að skammast sín fyrir þessa birtingu. Þetta lítillækkar þau í augum heimsins.

Scott Morrison, forsætisráðherra Ástralíu

Eucerin®

1. VIKA

2. VIKA

8. VIKA

12. VIKA

NÝTT

MINNKAR ALDURSBLETTI Á TVEIMUR VIKUM*

*Fyrsti sjáanlegi árangur á 2 vikum.

Jólakúlan 2020

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Fyrsti sunnudagur í aðventu er nú að baki. Spádómskertið logaði glatt á fjölmörgum heimilum landsins um helgina þrátt fyrir bullandi samkomubann og þá staðreynd að fram undan er aðventa ólík öllum fyrri aðventum.

Faraldurinn er í línulegum vexti hér á landi og sóttvarnalæknir hefur skilað ráðherra minnisblaði með tillögum að því hvað taki við þegar gildandi reglur falla úr gildi nú á miðnætti. Þó svo nýjar reglur hafi ekki verið gefnar út þegar þessi orð eru rituð er ljóst að lítið rými er til tilslakana á gildandi samkomutakmörkunum.

Við vitum sem er, að í ár verður aðventan, jólahátíðin og áramótin með öðru móti en við erum vön og vonuðumst til.

Hátíðin sem vanalega einkennist af vinafögnuðum og fjölskyldumótum mun nú í ár bera meiri keim af hausatalningu og fjarlægðaráminningum. Við erum meira að segja vinsamlegast beðin um að vera ekkert að syngja!

Við hefðum kannski bara átt að fresta jólunum eins og Castro gerði fyrir um fimm áratugum? Nú liggur mögulega meira við en björgun sykurreyrsuppskerunnar sem Castro vildi ekki fórna fyrir jólahátíðina árið 1969. Bólusetning er innan seilingar og við sjónarröndina glittir í stórveislur og hópknús svo örlítil seinkun kæmi kannski ekki að sök?

Nei, það sem þessi þjóð þarf einmitt nú eru jól! Jafnvel þó að jólahlaðborðið verði við borðstofuborðið heima, rétt eins og jólagjafainnkaupin, þá er eitthvað við jólin sem fær okkur til að hugsa betur hvert um annað og nú er engin vanþörf á því.

Okkur þyrstir í uppbrot í hversdaginn, við þráum gleði, samkennd og skemmtun. Þó að mánuðurinn sem framar öðrum er frátekinn í hefðir, verði sannarlega ekki eins og árin á undan, þá verður hann samt góður. Ef við ákveðum það.

Mælst er til þess að fólk velji sér sína jólakúlu, það er þá aðila sem það ætlar sér að hitta yfir hátíðirnar og reyni eftir getu að halda samskiptum sínum innan þess hóps. Nú er því tíminn til að fara að gera skemmtileg plön með fáum útvöldum sem komast inn í þína kúlu. Leyfa sér að hlakka til.

Á fáum stöðum í heiminum er jólunum fagnað eins innilega og eins lengi og hér á Íslandi. Hátíð ljóss og friðar kemur á kærkomnum tíma þegar sólin er hvað lægst á lofti og hitastig í ákveðnu lágmarki ár hvert og nú kemur hún eins og kölluð.

Það virðast allir vera löngu farnir að skreyta og í óðaönn að baka og föndra. Kannski fáum við jafnvel handskrifuð jólakort inn um lúguna í ár? Þetta verða jólin sem við leitum inn á við, lesum sem aldrei fyrr, prófum stresslausa jólahátíð og þurfum ekki að lifa á pakkasúpu í janúar til að greiða Vísareikninginn.

Hver veit nema að árið 2020, árið þegar COVID stal jólunum, verði til þess að við lærum eins og Trölli að jólin eru einmitt í hjörtum mannanna og okkar hjörtu stækki um þrjú númer?

Kannski væmið, en alla vega virkilega jólalegt!

Njótið aðventunnar í ykkar kúlu!

Nú er því tíminn til að fara að gera skemmtileg plön með fáum útvöldum sem komast inn í þína kúlu.

Halldór

Frá degi til dags

Smitandi smit

Burkni er með kóvið. Sambýlismaður hans smitaði hann. Þeir fóru í einu og öllu eftir því sem Burkni hafði sjálfur sagt öðrum að gera. Fengu ekki nema tuttugu gesti í heimsókn dagana á undan að smitið kom í ljós. Það var Addi Palli, Bergþóra, Stína stuð, Kalli og Bimbó, Hanna og Ella kroppur, Þura og Anna. En líka Kalli Jóns og Gústi læknisins og Nonni Sæmundar og Halli rakarans og Fúsi Sigurleifs og Palli á Goðanum og Denni í Efstabæ. Kommon, það var passað upp á sameiginlega snertifleti og allt. Nema kannski glös, bolla, hnífapör og diska. Vá, hvað þetta smit er smitandi. Það þarf að herða á sóttvörnum almennings.

Þyrluhljóm

Flugvirkjar Landhelgisgæslunnar eru aftur komnir til starfa með tilheyrandi þyrluhljóm. Það er eins og englasöngur í eyrum þeirra sem hafa áhyggjur af öllu. Blessaðir flugvirkjarnir, sem hafa til þessa þurft að sætta sig við eina komma átta í meðallaun með þann hæsta í tveimur komma fimm, eru komnir með mál sitt í gerðardóm. Hefst nú lotteríið um hvort þangað rati vitringarnir sem sögðu að mögulega væru kannski vísbendingar um að hjúkrunarfræðingar væru vanmetin kvennastétt, eða hvort þeir detti í lukkupottinn og fái jólasveinana úr kjararáði sem gefa í skóinn alla daga allt árið.

Endurreisum Þjóðhagsstofnun

Oddný G. Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Hvernig má það vera að þjóð sem hefur farið í gegnum alvarlega efnahagskreppu eftir hrun bankanna haustið 2008, skuli ekki hafa endurreist Þjóðhagsstofnun en láti þess í stað hagsmunaaðilum eftir að greina og meta ákvarðanir stjórnvalda?

Aðstæður nú í heimsfaraldri sýna með skýrum hætti að við þurfum óháða stofnun sem heyrir undir Alþingi og er hæf til að benda á hættur sem geta falist í ákvörðunum stjórnvalda í efnahagsmálum, ásamt því að gefa ráð um hvað betur mætti fara með hagsmuni almennings að leiðarljósi.

Á árunum 1974–2002 var starfandi Þjóðhagsstofnun hér á landi sem átti að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðgjafar í efnahagsmálum. Ákvörðun um að leggja niður Þjóðhagsstofnun hefur alla tíð verið mjög umdeild.

Nú er umhverfið annað. Samtök aðila vinnumarkaðarins leggja fram greiningar í efnahagsmálum og greiningardeildir eru að störfum innan bankanna og aðrir aðilar svo sem Viðskiptaráð stunda greiningar á efnahagshorfum. Allt er þetta gagnlegt en þetta eru samt hagsmunasamtök og mikilvægt að muna það. Þess vegna er brýnt að í landinu sé stofnun sem treysta má með nokkurri vissu að dragi ekki taum ákveðinna hagsmunaafla heldur hafi þjóðarhagsmuni að leiðarljósi.

Í 1. bindi í Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna árið 2008 segir: „Til þess að skapa hlutlausan grundvöll fyrir samhæfingu efnahagsstefnunnar mætti fela sjálfstæðri ríkisstofnun það hlutverk að spá fyrir um efnahagshorfurnar og meta ástand efnahagsmála og líklega þróun að gefnum forsendum um mismunandi efnahagsstefnu.“

Það er löngu tímabært að Alþingi bregðist við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og endurreisi Þjóðhagsstofnun líkt og frumvarp Samfylkingarinnar þar um gerir ráð fyrir.

Það er löngu tímabært að Alþingi bregðist við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og endurreisi Þjóðhagsstofnun.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Kúrsinn fram á við

Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður
Vinstri grænna

Mikilvægt er að greina á milli vástjórnunar (krísustjórnunar) og efnahags- eða heilbrigðisaðgerða á venjulegum tímum. Lykilorð eru sveigjanleiki en ekki fyrirsjáanleiki og snarar ákvarðanir til að mæta/breyta þróun yfirvofandi hættu en ekki langtímaáætlanir. Um leið verður að gæta þess að fara vandlega eftir lögum þeim sem snúa að vánni. Í okkar tilviki nú eru það sett sóttvarnalög og þau leyfa eðlilega framkvæmdavaldinu að vera í brúnni frá degi til dags, ekki löggjafanum.

Alþingi er í brúnni þegar þarf að endurskoða og breyta lögunum. Alþingi gegnir einnig því hlutverki að ræða varnarskrefin sem þegar eru samþykkt og safna reynslu til þess að breyta lögunum. Það er ekki farsælt að ætla löggjafanum að samþykkja nánast sérhverja tillögu að sóttvarnaaðgerð og alla hlykkina á leiðinni, örar breytingar á viðbrögðum í takt við ófyrirsjáanlegan eða lítt spáanlegan feril veiru í samfélaginu. Slíkt myndi til dæmis setja Alþingi heilt yfir í þá röngu stöðu að hafa eftirlit með eigin sóttvarnaákvörðunum – fyrir utan þá snúnu stöðu að setja bráðnauðsynleg viðbrögð í pólitíska, iðulega langvinna umræðu og til afgreiðslu (atkvæðagreiðslu). Ekkert af þessu væri í samræmi við meginreglur vástjórnunar. Þar skiptir sem réttust tímasetning höfuðmáli.

Gagnrýni og sjálfsmat hafa oftar en ekki hrifið og leitt til breytinga.

Hingað til hefur ríkisstjórnin haldið í rétta stefnu, stundað árangursríka vástjórnun og mildað áhrif faraldursins eftir getu samfélagsins og ríkissjóðs (og sveitarfélögin að sínu leyti). Gagnrýni og sjálfsmat hafa oftar en ekki hrifið og leitt til breytinga og öll milljarðahundruðin gert mikið gagn, nú síðast viðbrögð sem nema allt að 70 ma. kr. kostnaði. Of seint segja sumir. Vel ásættanlega í tíma, tel ég, og miða þá við þann forgang aðstoðarleiða, sem varð að viðhafa, álag á ríkissjóð og stöðu efnahagsmála. Þessi vegferð öll staðfestir gagnsemi stjórnarsamvinnunnar, trausta forystu formannanna þriggja og yfirvegun og frumkvæði VG. Svo má þakka/hrósa samfélaginu fyrir þolinmæði, fylgni við sóttvarnaaðgerðir og mikla samstöðu í heild. Við eigum það skilið. Með því að halda áfram eftir helstu leiðum vástjórnunar, og með tilkomu góðra bóluefna, náum við væntanlega marki á næsta ári.

Spriklandi frísk börn

Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins í
Reykjavík

Rannsóknir sýna að skipulagt íþróttastarf hefur jákvæð áhrif á líðan barna og mikið forvarnargildi. Börnum sem eru virk í skipulögðu íþróttastarfi líður betur, vinna betur í hóp og eru ólíklegri til að neyta vímuefna. Niðurstöður úr Ánægjuvoginni 2020 sýna að tæp 90% barna eru ánægð með þjálfarann sinn og íþróttafélagið sitt og finnst gaman á æfingu. Íþróttastarf barna á Íslandi þykir svo vel heppnað að tekið hefur verið eftir.

Börn fengu ekki að stunda skipulagt íþróttastarf í sjö vikur á vorönn og sex vikur á haustönn vegna faraldursins. Æfingabann barna og ungmenna eldri en 15 ára stendur enn yfir og er ófyrirséð hversu lengi það mun standa. Fyrir utan öll jákvæðu áhrifin sem skipulagt íþróttastarf hefur á börn, þá eru heilbrigt líferni og hreyfing talin draga úr áhættuþáttum COVID-19.

Fyrir utan öll jákvæðu áhrifin sem skipulagt íþróttastarf hefur á börn, þá eru heilbrigt líferni og hreyfing talin draga úr áhættuþáttum COVID-19.

Íþróttafélögin hafa mörg staðið sig mjög vel með fjaræfingum og hvatningu til iðkenda. Það kemur þó aldrei í staðinn fyrir samskiptin og handleiðsluna sem fylgir skipulögðu íþróttastarfi. Þegar er farið að bera á brottfalli og það þarf ekki að fjölyrða um hversu slæmar afleiðingar það mun hafa fyrir framtíðina. Sérstaklega fyrir þau börn sem eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttum og þau sem eru á viðkvæmasta aldrinum með tilliti til brottfalls.

Faraldurinn er ekki að hverfa úr okkar daglega lífi á næstunni. Það er því mikilvægt að geta brugðist hratt við þegar upp koma tímabil þar sem takmarka þarf íþróttaiðkun barna. Ástæðan fyrir æfingabanni barna í október var að ekki mætti blanda saman börnum milli skóla. Það þarf að finna leiðir svo skólar og íþróttafélög geti unnið saman til að halda þessu mikilvæga starfi gangandi. Lausnin þarf ekki að vera sú sama fyrir hvert íþróttafélag eða skóla, en það þarf að opna á þetta samtal og samstarf. Íþróttastarf barna er nefnilega eitt mikilvægasta lýðheilsumálið.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Gæti siglt sætinu á EM í örugga höfn

Ísland mætir Ungverjalandi í lokaumferð F-riðils í undankeppni Evrópumóts kvenna í knattspyrnu í Búdapest klukkan 14.30 í dag. Sigur gæti dugað til þess að tryggja íslenska liðinu öruggt sæti í lokakeppni mótsins sem haldið verður í Englandi sumarið 2022.

FÓTBOLTI Það gæti ráðist í kvöld hvort íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu tryggir sér þátttökurétt í lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer á Englandi sumarið 2022. Örlög íslenska liðsins ráðast bæði af úrslitum í leik liðsins gegn Ungverjalandi í lokaumferð F-riðils sem og úrslitum í öðrum riðlum undankeppninnar.

Ísland hefur nú þegar tryggt sér annað sæti í riðli sínum og þar af leiðandi mun liðið fá tækifæri til þess að komast í lokakeppnina í gegnum umspil. Þá gæti sigur í leiknum gegn Ungverjalandi í Búdapest í dag fleytt liðinu beint áfram til Englands.

Dagný Brynjarsdóttir sem skoraði eitt marka Íslands í 4-1 sigri liðsins gegn Ungverjum í fyrri leik liðanna á Laugardalsvellinum í ágúst árið 2019 segir að það gæti orðið þolinmæðisverk að brjóta ungverska liðið á bak aftur í þessum leik. Dagný glímir við meiðsli og getur þar af leiðandi ekki leikið með íslenska liðinu að þessu sinni.

„Ég hef mjög góða tilfinningu fyrir þessum leik og ég held að spennustigið hjá leikmönnum liðsins sé mjög gott líka. Við verðum hins vegar að muna að við vorum í vandræðum með að finna glufur á þéttum varnarleik þeirra í fyrri leiknum á Laugardalsvellinum," segir Dagný um leik liðanna í dag í samtali við Fréttablaðið.

„Ég býst við því að Jón Þór [Hauksson] haldi sig áfram við það að vera með Berglindi Björgu [Þorvaldsdóttur] og Elínu Mettu [Jensen] í framlínunni og spili leikkerfið 4-4-2. Þegar taktur komst í leik liðsins í seinni hálfleik þá fannst mér það virka vel að spila það kerfi. Við munum líklega herja á þær af köntunum og markmiðið verður að Agla María [Albertsdóttir] og Hallbera Guðný [Gísladóttir] annars vegar og svo Gunnhildur Yrsa [Jónsdóttir] og Sveindís Jane [Jónsdóttir] hins vegar tvöfaldi á köntunum og dæli boltanum inn í teig," segir sóknartengiliðurinn enn fremur.

Leikmenn íslenska liðsins fagna marki gegn Ungverjalandi í leik liðanna í ágúst í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég hef mjög góða tilfinningu fyrir þessum leik og ég held að spennustigið hjá leikmönnum liðsins sé mjög gott líka.**
>
> Dagný Brynjarsdóttir

„Þá er gott að hafa öfluga framherja eins og Berglindi Björgu og Elínu Mettu inni í vítateig Ungverja til þess að klára sóknirnar. Við skoruðum þrjú af fjórum mörkum okkar í fyrri leiknum eftir fyrirgjafir og ég held að það verði leiðin sem verður farin í sóknaraðgerðum liðsins að þessu sinni. Leikmenn liðsins þurfa að sýna þolinmæði í aðgerðum sínum og passa sig að það komi ekki pirringur þó að mörkin láti á sér standa," segir hún aðspurð um líklega leikmynd þessa leiks.

„Mér fannst aðalmunurinn á fyrri og seinni hálfleik í leiknum gegn Slóvökum hvað íslenska liðið var samstilltara í pressu sinni í þeim seinni. Kannski var spennustigið ekki rétt stillt í þeim fyrri en það sem gekk ekki vel var lagað í hálfleik og ég er viss um að það hafi verið farið vel yfir þessi atriði á æfingunum milli leikjanna.

Liðið sýndi svo þann karakter og yfirvegun að örvænta ekki þrátt fyrir að hafa lent undir í leiknum við Slóvakíu. Það var meiri ró í spilinu þegar líða tók á leikinn og við hefðum getað skorað fleiri mörk. Ég hef ekki áhyggjur af því að spennustigið verði of hátt hjá leikmönnum liðsins, ég hef meiri áhyggjur af því hvernig ég verði stillt heima í sófa," segir Dagný um hvað íslenska liðið getur tekið með sér úr sigrinum í síðasta leik í undankeppninni.

„Það má svo ekki gleyma því að fjölmargir leikmenn liðsins eru ekki í leikformi og það er ekkert óeðlilegt að það hafi verið ryð í leikmönnum fyrstu mínútur leiksins.

Það sást til dæmis á leikmönnum eins og Öglu Maríu hvað henni óx ásmegin eftir því sem líða tók á leikinn. Sama á við um fleiri leikmenn. Nú eru leikmenn komnir með einn leik undir beltið og það skiptir miklu máli. Ég held að þær klári þennan leik og vonandi dugar það til þess að komast beint á EM," segir Dagný sem er þriðji markahæsti leikmaðurinn í sögu kvennalandsliðsins með 29 mörk í þeim 90 leikjum sem hún hefur spilað. **hjorvaro@frettabladid.is**



Líklegt er að Hlín, Berglind Björg og Hallbera Guðný haldi allar sæti sínu í byrjunarliðinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fylgjast með úrslitum úr hinum riðlunum

Íslenska kvennalandsliðið fer langt með að tryggja sæti sitt á EM með sigri í dag en það er enn háð úrslitum úr öðrum leikjum. Í lok dags ætti að vera nokkuð ljóst hvort að Ísland fái þátttökurétt á EM eða fari í umspilið í apríl.

FÓTBOLTI Sama dag og Ísland mætir Ungverjalandi í lokaleik Stelpnanna okkar í undankeppninni fyrir EM 2023 verður þjálfarateymið eflaust með annað augað á nokkrum viðureignum samdægurs. Í lok dags ætti að liggja fyrir hvort kvennalandsliðið öðlist beinan þátttökurétt á fjórða Evrópumótinu í röð eða þurfi að fara í umspil líkt og fyrir EM 2009 og 2013. Undankeppninni lýkur ekki í dag því einhverjar viðureignir fara fram í febrúarmánuði. Myndin ætti að vera nokkuð skýr í kvöld, hvort kvennalandsliðið geti farið að huga að undankeppninni fyrir HM 2023 með EM á Englandi 2022 bak við eyrað eða hvort það þurfi að fara í sex liða umspil sem fer fram í apríl.

Fyrir leiki dagsins er Belgía með bestan árangur af þeim liðum sem eru í öðru sæti, með átján stig, tveimur stigum á undan Íslandi og Austurríki en þessi þrjú lið eiga einn leik eftir. Ítalir sem eru með fimmtán stig og eiga tvo leiki eftir geta því jafnað Belga að stigum en þurfa til þess að vinna sigur á geysisterku liði Dana í dag. Fyrri leik Dana og Ítala lauk með 4-0 sigri Dana og geta Danir gert Stelpunum okkar stóran greiða í dag með sigri.

Það sama á við um lið Sviss sem mætir Belgíu í dag þar sem allt annað en jafntefli hentar íslenska liðinu vel. Ef Belgar tapa geta Stelpurnar okkar skotist upp fyrir Belga og ef Sviss tapar og Ísland afgreiðir sinn leik er Ísland jafnt Sviss að stigum og með betri markatölu.

Markatalan gæti aftur komið inn í leik í G-riðli þar sem Austurríki, líkt og Sviss, er hársbreidd frá því að komast í lokakeppni Evrópumótsins annað skiptið í röð. Austurríki er líkt og Ísland með sextán stig þegar ein umferð er eftir og átján mörk í plús í markatölu fyrir leik gegn Serbíu á heimavelli. Ísland verður því að jafna árangur Austurríkis í kvöld til að halda þeim fyrir neðan okkur á listanum yfir stigahæstu liðin í öðru sæti sem komast beint inn á Evrópumótið.

Staðan er heldur flóknari í E-riðli þar sem Portúgal, Finnland og Skotland berjast sín á milli um efstu tvö sætin og eiga öll þrjá leiki eftir og eiga eftir að mætast innbyrðis. Annað sætið getur enn náð tuttugu stigum en líklegt er að þau skipti stigunum eitthvað á milli sín á lokasprettinum. – **kpt**

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
Fáðu blað dagsins sent rafrænt
FRÉTTABLAÐIÐ

Traustur fyrirtækjarekstur og öflug nýsköpun kallar á samstarfsaðila sem skilur þarfirnar.

Arion banki býður fyrirtækjum af öllum stærðum og í öllum geirum alhliða þjónustu með fagmennsku, innsæi og þekkingu að leiðarljósi.

Hafðu samband á **fyrirtaeki@arionbanki.is**, við þjónustuver í síma **444 7000** eða í netspjalli á **arionbanki.is**.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

1. DESEMBER 2020 ÞRIÐJUDAGUR

Merkisatburðir

1974 Hús Jóns Sigurðssonar er formlega vígt í Kaupmannahöfn.

1983 Ríkisútvarpið byrjar útsendingar á FM-bylgju sem Rás 2.

1986 Bylgjan byrjar að senda út stöðugt allan sólarhringinn, fyrst íslenskra útvarpsstöðva.

1990 Verkamenn í Ermarsundsgöngunum slá í gegn.

1991 Hilmar Örn Hilmarsson hlýtur Felix-verðlaunin fyrir tónlist sína í kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Börnum náttúrunnar.

†

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

María Steinunn Gísladóttir

frá Skáleyjum, Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,

verður jarðsungin frá Seljakirkju fimmtudaginn 3. desember kl. 13 að viðstöddum nánustu ættingjum. Athöfninni verður streymt frá vef Seljakirkju, seljakirkja.is. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Flateyjarkirkju, reikningur 0309-26-012652, kt. 550169-5179.

Leifur Kr. Jóhannesson

Jóhanna Rún Leifsdóttir **Kristján Á. Bjartmars**
Sigurborg Leifsdóttir **Hörður Karlsson**
Heiðrún Leifsdóttir **Lárentsínus Ágústsson**
Eysteinn Leifsson **Guðleif B. Leifsdóttir**
Jófríður Leifsdóttir **Ingimundur Jónsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

„Ég reyndi að finna eitthvað sem tilheyrði hverjum útgáfudegi," segir Sigurður um Tímamótasíðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýtir sér marga miðla

Sigurður G. Tómasson útvarpsmaður er sjötugur í dag. Flestir landsmenn þekkja hann af Bylgjunni og Rás 2. Hitt vita færri að hann formaði Tímamótasíðu Fréttablaðsins.

Sem gamall fréttarefur hlustaði ég lengi á alla íslenska fréttatíma, þannig er það nú ekki lengur en auðvitað fylgist ég með þeim," segir hinn sjötugi Sigurður G. Tómasson sem vann í áratugi í útvarpi, allt frá því Bylgjan fór í loftið 1986. „Enn eru á Bylgjunni menn sem ég vann með, Kristófer og Þorgeir Ástvalds. Sá síðarnefndi kom til mín í sumar. Við erum gamlir vinir. Ég sá hann þegar hann spilaði fyrst í Tempó þegar Kinks kom hingað til lands, það var hans fyrsta gigg. Baldvin, frændi minn, Jónsson umboðsmaður flutti Kinks inn og ég sagði honum ekki fyrr en í fyrra að ég teiknaði þrjá miða á Kinks-tónleikana. Það mál var fyrnt!"

Af Bylgjunni fór Sigurður á Ríkisútvarpið, þar var hann þegar Dægurmálaútvarpið og Þjóðarsálin á Rás 2 voru og hétu og var ráðinn dagskrárstjóri, því embætti gegndi hann svo á Útvarpi Sögu um tíma. Síðar varð eitt af afrekum hans að hanna Tímamótasíðu Fréttablaðsins. „Það var Kári Jónasson ritstjóri sem bað mig að forma þennan þátt í blaðinu. Ég reyndi að finna eitthvað sem tilheyrði hverjum útgáfudegi og tíunda það. Var með bókastafla í kringum mig og netið í tölvunni."

> **Baldvin, frændi minn, Jónsson umboðsmaður flutti Kinks inn og ég sagði honum ekki fyrr en í fyrra að ég teiknaði þrjá miða á Kinks-tónleikana.**

Er lögblindur

Nú á Sigurður ekki jafn auðvelt með að lesa og áður, hann fékk augnbotnahrörnun af völdum sykursýki og er lögblindur en hefur ratsjón og kveðst geta lesið fyrirsagnir í blöðum og á netinu, það sem hann stækkar upp. „Þetta er mikil fötlun fyrir mann sem hefur verið lesandi síðan hann lærði það," viðurkennir hann.

Jarðfræði og íslenska urðu fyrir valinu af hlaðborði háskólans hjá Sigurði og eitthvað kveðst hann hafa lært í sögu. Fróðleiksþorsti er honum í blóð borinn og honum svalar hann með ýmsu móti þrátt fyrir allt. „Ég er í Blindrafélaginu og hef því aðgang að Hljóðbókasafninu, hlusta líka stundum á hljóðbækur í símanum gegnum Storytel, því sonur minn nýtir ekki allan rétt sinn þar. Svo fylgist ég með erlendum útvarpsstöðvum, til dæmis BBC og stundum NPR (National Public Radio) í Bandaríkjunum og skoða fyrirsagnir á New York Times og fleiri stórblöðum."

Réð reykmeistara

Sigurður G. býr á fögrum stað í Mosfellsbæ með frúnni sinni, Steinunni Bergsteinsdóttur listakonu, og á þessum árstíma er einkar búsældarlegt hjá þeim því þau eru með eigin reykkofa. „Ég þurrsalta kjöt fyrir reykinguna og Steinunn býr til bjúgu," lýsir Sigurður. „En félagi minn Ævar Örn Jósepsson sér um að kveikja upp. Hann byrjaði sem lærlingur en er orðinn reykmeistari."

gun@frettabladid.is

†

Ástkær móðir okkar, amma og systir,

Sólrún Helgadóttir

lést þann 19. nóvember. Sólrún verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 2. desember kl. 13.30. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir en athöfninni verður streymt á Facebook-síðunni „Jarðarfarir í Akureyrarkirkju – beinar útsendingar". Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynninguna á Akureyri eða Krabbameinsfélag Akureyrar.

Tómas Helgi, Jón Birkir, Andri Már og Alda Ósk, barnabörn og systkini hinnar látnu.

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðjón Tómas Brewer

fæddur í Reykjavík 10. apríl 1944,

lést á heimili sínu að Hamrahlíð 17 mánudaginn 26. október. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Jarðsett var í Kópavogskirkjugarði.

Kolbrún Fjóla Kristensen **Guðmundur Rúnar Rúnarsson**
Róbert Þór Guðjónsson **María Kristiansdóttir**
Tómas Guðbrandur Guðjónsson
Edvard Kristinn Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Fólk
Heimili
ÞRIÐJUDAGUR 1. DESEMBER 2020

Hildur Þórðardóttir með eitt af frönsku viskustykkjunum sem hvert og eitt er einstakt listaverk og sannkölluð eldhúsprýði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lúxus og gæði þurfa alls ekki að vera dýr

Í Rúmföt.is fást nú æðisleg tyggjókúlubleik rúmföt handa stelpum á öllum aldri, heimsins fínustu gæsadúnssængur frá Kanada og franskir dúkar og viskustykki sem eru listaverk. Gott verð og gæði eru í hávegum höfð. →2

Þýskar Black Forest-dúnsængur fást ódýrari hjá Rúmföt.is en í Þýskalandi.

Frönsku viskustykkin eru listaverk hvert um sig og fást í úrvali í Rúmföt.is en frönsku dúkarnir eru komnir í Þvottahús A. Smith í Bergstaðastræti 52.

Hildur heldur hér á fisléttri silkisæng sem er úr 100 prósent silki, bæði ytra byrðið og fyllingin. Silkisængur henta vel þeim sem vilja ekki þungar sængur, silkið temprar vel og heldur jöfnum hita, hvort sem heitt eða kalt er í herberginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verslunin Rúmföt.is er að stækka.

Það er ævintýri að velja sér draumarúmfatnaðinn í stærri og betri verslun.

Litir auka vellíðan og silkirúmfötin hjá Rúmföt.is fást í fallegum litatónum.

Framhald af forsíðu →

„Við eigum endilega að láta eftir okkur að sofa í góðum rúmfötum. Því meiri lúxus sem við leyfum okkur, því meiri allsnægtir drögum við til okkar samkvæmt aðdráttarlögmálinu. Og lúxus þarf alls ekki að vera dýr. Rúmfötin okkar standast algjörlega verðsamanburð við aðrar verslanir og ég hef hvergi annars staðar séð jafn falleg rúmföt og hjá okkur," segir Hildur Þórðardóttir hjá rúmfataversluninni Rúmföt.is.

Verslunin var opnuð á Nýbýlavegi 28 fyrir tveimur árum og er nú að stækka um helming.

„Þegar Fatabúðin og Verið lögðu upp laupana myndaðist stórt skarð í rúmfataframboðið og fyrrverandi viðskiptavinir þeirra eru alsælir með okkur, enda bjóðum við upp á falleg gæðarúmföt á góðu verði," upplýsir Hildur.

Sem dæmi má nefna úrval af 300 þráða settum á 10.900 krónur, sem er einstaklega gott verð miðað við gæði.

„Til viðmiðunar eru rúmföt hjá stóru keðjunum allt niður í 120 þráða og ekkert mikið ódýrari. Rúmfötin okkar eru mjúk, þau anda vel og eru straufrí ef tekin strax úr þvottavélinni og hengd upp," segir Hildur.

Jarðbundin rómantík

Hjá Rúmföt.is geta allir fundið sinn draumarúmfatnað úr vönduðum og fallegum efnum.

„Uppáhaldið mitt þessa stundina er tyggjókúlubleikt með alls kyns blómum, fullkomið fyrir stelpur á öllum aldri. Við erum með heillandi blómamynstur fyrir þá rómantísku. Þeir sem eru jarðbundnari velja frekar geometrísk áprentuð mynstur og þeir stílhreinu eru mjög hrifnir af einlita satíninu sem kemur í öllum mögulegum litum. Aðrir vilja ekkert annað en klassískt damask með fallegu mynstri sem er ofið í efnið og gefur því smá líf. Við erum líka með gott úrval af verum fyrir tvíbreiðar sængur og settum þau öll saman í hillu, damask, satín og silkidamask, til að auðvelda fólki valið."

Heimsins fínasti gæsadúnn

Í gegnum tíðina hafa Rúmföt.is boðið upp á dýrindis sængur.

„Nú vorum við að fá lúxus dúnsængur frá þýska merkinu Black Forest. Í sængunum er heimsins dýrasti og fínasti gæsadúnn frá Kanada og vegna þess hversu litla álagningu við erum með, kosta þær minna hjá okkur en í verslunum í Þýskalandi. Það verður engum kalt undir þessum gæðasængum og þær standast fyllilega samanburð við íslensku æðardúnsængurnar," segir Hildur.

Þá má líka nefna fisléttar silkisængur eða ábreiður úr 100 prósent silki, bæði ytra byrðið og fyllingin.

„Silki temprar vel og heldur jöfnum hita, hvort sem er hlýtt eða kalt í herberginu. Ég get ímyndað mér að silkisængurnar henti vel fyrir þá sem eru viðkvæmir og þola ekki mikla þyngd ofan á sér eða bara alla sem vilja sofa með létt. Þær eru líka á góðu verði, rétt rúmlega 20 þúsund krónur," upplýsir Hildur.

Dúkar sem eru listaverk

Hildur dregur fram litrík og ægifögur viskustykki frá Frakklandi.

„Þau eru hreinustu listaverk, hönnuð af listafólki og aðeins framleidd í ákveðnu magni. Eins og sjá má eru þau hvert öðru fallegri og ég er alltaf með mín hangandi á bakaraofninum til að bæta aðeins lífi og fegurð í eldhúsið," segir Hildur um viskustykkin sem eru á ótrúlega góðu verði, aðeins 1.990 krónur, sem er sama verð og fyrir tíu árum. „Ég er búin að eiga mín einmitt í tíu ár og þau eru alltaf jafn falleg."

Hjá Rúmföt.is hafa einnig fengist gullfallegir borðdúkar frá sama fyrirtæki en nú eru þeir allir komnir í Þvottahús A. Smith í Bergstaðastræti 52, sem er systurfélag Rúmföt.is.

„Ég hvet fólk til að kíkja í Þvottahúsið, því hver dúkur er listaverk og nú er líka hægt að fá þá vaxhúðaða til hversdagsbrúks. Að sjálfsögðu er líka hægt að fá vandaða hvíta sparidúka í ýmsum stærðum," upplýsir Hildur.

„Við erum alltaf að leita leiða til að þjónusta viðskiptavinina sem best. Án þeirra værum við ekki til og við erum svo þakklát fyrir hvað fólk hefur tekið okkur fagnandi. Við munum halda áfram að bjóða falleg og góð sængurföt á góðu verði og svo ýmislegt óvænt sem dettur inn á borð til okkar."

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Sími 565 1025. Verslunin er opin virka daga klukkan 12 til 17 og laugardaga klukkan 11 til 15. Skoðið úrvalið á rumfot.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 1. DESEMBER 2020

Bætir um betur

Toyota Yaris hefur löngum verið einn vinsælasti bíll landsins og örugglega vinsælasti smábíllinn. Meira en 14 þúsund slíkir hafa verið seldir hér á landi og nú er fjórða kynslóðin komin með enn fullkomnari tvinntækni. **4**

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

MAX1 BÍLAVAKTIN

EXIDE TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is** og fáið nánari upplýsingar.

olís

Toyota Highlander er öflug viðbót við jeppalínu Toyota.

Toyota Highlander kemur í janúar

Toyota á Íslandi fær viðbót í vörulínu sína í janúar 2021 þegar Toyota Highlander verður kynntur í fyrsta sinn í V-Evrópu. „Þessi bíll hefur notið vinsælda víða um heim frá því hann kom fyrst á markað árið 2000, ekki síst í Bandaríkjunum. Highlander er stór sportjeppi með mikið innanrými, tveggja tonna dráttargetu og veghæð sem sæmir jeppa eða 20,3 sm," segir í fréttatilkynningu frá Toyota á Íslandi. Hröðun hans er góð eða 8,3 sekúndur í 100 km á klst.

Highlander er í flokki E-SUV bíla þar sem Land Cruiser hefur verið áberandi hér á landi undanfarna áratugi. Með þessu skrefi býður Toyota upp á enn fleiri lausnir í einum kröfuharðasta flokki bíla á Íslandi með tæknilega vönduðum og rúmgóðum Hybrid sportjeppa. Tvö niðurfellanleg sæti eru aftast í bílnum og er því pláss fyrir sjö í Highlander.

Toyota Highlander Hybrid er með AWD-I fjórhjóladrif og verður í boði í þremur útfærslum, GX, VX og Luxury. Highlander er knúinn áfram af fjórðu kynslóð Hybrid tækninnar auk bensínvélar sem skilar samanlagt 244 hestöflum. Eyðslan er samt hófleg eða frá 5,8 – 8,2 lítrar á 100 km.

» Með þessu skrefi býður Toyota upp á enn fleiri lausnir í einum kröfuharðasta flokki bíla á Íslandi með tæknilega vönduðum og rúmgóðum Hybrid sportjeppa.

Toyota Highlander er 4.950 mm langur með 658 lítra farangursrými. Auðvelt er að fella niður tvær sætaraðir og mynda þannig 1.909 lítra farangursrými með sléttu gólfi. Highlander er búinn Toyota Safety Sense 2.5 sem er nýjasta útgáfa af öryggiskerfi Toyota.

Nýr Mercedes-Benz EQV verður frumsýndur í nýjum sýndarsal á netinu.

EQV og eVito Tourer frumsýndir

Verða sýndir í fyrsta skipti á Íslandi í nýjum sýndarsal Mercedes-Benz á vefsíðunni syndarsalur.is.

Bílaumboðið Askja mun frumsýna tvo nýjustu rafbíla Mercedes-Benz, EQV og eVito Tourer, á fimmtudaginn, 3. desember. Bílarnir verða frumsýndir í nýjum sýndarsal Mercedes-Benz á vefsíðunni syndarsalur.is.

EQV og eVito eru 100% rafmagnaðir fjölnotabílar. Um er að ræða nýja valmöguleika í rafmögnuðum samgöngum en bílanir henta vel fyrir akstur með minni hópa eða allt að níu manns. Báðir þessir bílar er góður kostur sem atvinnubíll, sem fágaður fjölskyldubíll eða vel útbúinn fjölnotabíll fyrir ólík verkefni í tengslum við vinnuna eða til einkanota.

Bílarnir koma í tveimur lengdum með sæti fyrir allt að níu manns og góðu plássi fyrir farangur. Bílarnir státa af miklu innanrými en rafgeymastæðan er undir gólfi bílsins og gengur því ekki á innanrýmið. Í lengstu útfærslu er farangursrýmið allt að 1.410 l. Rafdrægni EQV er 356 km og eVito Tourer er 361 km á fullri hleðslu. Það tekur einungis um 45 mínútur að hlaða frá 10% upp í 80% hleðslu í hraðhleðslustöð. EQV og eVito eru afbragðsgóðir í akstri og að sjálfsögðu með öllum þeim þæginda- og öryggisbúnaði sem einkennir Mercedes-Benz.

Fjöldi tengiltvinnbíla og rafdrifinna fólksbíla frá Mercedes-Benz er þegar á boðstólum og nú bætast í hópinn þessir tveir hreinu rafbílar sem eru mjög góð viðbót við úrvalið.

„Við hjá Öskju höfum hannað þennan nýja sýndarsal í samstarfi við Daimler, eiganda Mercedes-Benz. Sýndarsalinn er strax hægt að skoða að hluta en frumsýningin á EQV og eVito Tourer opnar þann 3. desember klukkan 10.30. Við hlökkum mikið til að sýna þessa tvo nýju og spennandi bíla og leyfa viðskiptavinum okkar að njóta upplifunarinnar á þessum nýja vettvangi," segir Arna Rut Hjartardóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarmála Öskju.

Volkswagen e-Up er rafdrifinn smábíll sem byggir á eldri hönnun.

Volkswagen með lítinn rafbíl á næstunni

Volkswagen er að þróa lítinn, rafdrifinn smábíl fyrir fjöldaframleiðslu til að mæta betur mengunarreglum Evrópusambandsins. Kemur þetta fram hjá fréttaveitunni Reuters sem séð hefur gögn um þetta, en engar myndir af bílnum fylgja fréttinni.

Áætlunin kallast „Lítill BEV" og stendur BEV fyrir Battery Electric Vehicle og er áætlað að billinn muni kosta á bilinu 20-25.000 evrur. Það myndi gera hann ódýrari en ID.3 en óvíst er hvort hann muni leysa VW Polo alveg af hólmi.

Volkswagen Group hækkaði fjárhagsáætlanir sína fyrir rafbíla nýlega, upp í 73 milljarða evra á næstu fimm árum. Áætlar VW að smíða 1,5 milljónir rafbíla árið 2025.

Ekki er að sjá miklar breytingar á útliti bílsins undir dulargerfinu en grill og ljós verða breiðari en áður.

Njósnamyndir af nýjum Peugeot 308

Þriðja kynslóð Peugeot 308 er væntanleg á næsta ári og líkt og hjá öðrum bílum Peugeot er von á honum með tvinnútfærslum, sem tengiltvinnbíl og sem 100% rafmagnsbíl.

Þessar njósnamyndir náðust nýlega af nýjum Peugeot 308 en hann verður kynntur á næsta ári. Mun hann þá kynda undir samkeppni við Ford Focus og nýjan VW Golf. Hann verður líklega byggður á sama eVMP-undirvagninum og þriðja kynslóð 3008 bílsins en sá undirvagn er endurhönnun á EMP2-undirvagninum sem er í núverandi kynslóð. Má því búast við 48 volta tvinnútfærslum, ásamt tengiltvinnbíl og rafmagnsbíl. Mun þá e-308 vera ætlað að keppa við VW ID.3 til að mynda. Að sögn Peugeot getur eVMP undirvagninn innihaldið rafhlöðu sem hefur allt að 650 km drægi. Undirvagninn býður upp á bæði framhjóladrif eða fjórhjóladrif og rafhlöður af stærðinni 60-100 kWst.

Breitt var yfir mælaborð og miðjustokk til að fela hugsanlegar breytingar á innréttingu bílsins.

Grunnútfærslur e-bílsins verða án efa með 134 hestafla rafmótor á framdrifinu en öflugustu útfærslur hans verða líklega 335 hestöfl og með fjórhjóladrifi. Líkt og í VW Golf eru ekki róttækar breytingar á útliti og myndirnar gefa ekki mikið uppi þar. Búast má við breiðari ljósum og grilli ásamt afturljósum sem ná alveg yfir afturenda bílsins. Þar sem breitt var yfir innréttinguna á myndunum var ekki hægt að sjá hvort breytingar yrðu á henni en í 208 bílnum er 10 tommu upplýsingaskjár ásamt þrívíddarmælaborði.

www.frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ Bílar
Umsjón blaðsins
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is
Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is | Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. | Kalkofnsvegur 2 | 101 Reykjavík | Sími 550 5000

EQV og eVito Tourer. 100% rafmagnaðir.

Rafræn frumsýning á syndarsalur.is á fimmtudaginn.

Mercedes-Benz EQV og eVito Tourer eru 100% rafmagnaðir fjölnotabílar sem taka allt að níu manns og eru afar vel búnir. Drægi þeirra er um 350 km og henta því báðir bílarnir vel sem atvinnubílar, fjölskyldubílar eða fjölnotabílar fyrir ólík verkefni.

EQV og eVito Tourer verða frumsýndir í nýjum sýndarsal Mercedes-Benz þar sem hægt er að skoða bílana í þrívíðu umhverfi og nálgast allar helstu upplýsingar.

Kynntu þér nýja valmöguleika í rafmögnuðum samgöngum. Við opnum á syndarsalur.is á fimmtudag kl. 10:30.

Mercedes-Benz

ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland“

KOSTIR OG GALLAR

Toyota Yaris

Grunnverð: 3.240.000 kr.
Hestöfl: 116
Hröðun 0-100 km: 9,7 sek.
Hámarkshraði: 175
Eyðsla bl. ak: 3,8 l./100 km
CO2: 87 g/km

L/B/H: 3.940/1.745/1.500
Hjólhaf: 2.560 mm
Eigin þyngd: 1.080 kg
Dráttargeta: 450 kg
Farangursrými: 286 l.
Hljóðstig í akstri: 70 dB

KOSTIR
- Kraftur
- Eyðsla
- Búnaður

GALLAR
- Höfuðrými aftur í
- Hurðaopnarar frammi í



Útlit bílsins er mun sportlegra með ákveðnari línu og breiðari hjólaskálum. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Toyota Yaris bætir um betur

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Smábílaflokkurinn á undir högg að sækja vegna aukinna krafna ESB um minni mengun og þar kemur nýr Toyota Yaris inn af krafti.

Fjórða kynslóð Toyota Yaris er nú komin á markað og er að mestu í boði sem tvinnbíll. Þannig stendur hann nokkuð sér á parti í samkeppninni þar sem slík tækni er dýrari og því oftar en ekki sleppt í minnstu bílunum. Hann hefur verið vinsælasti smábíll landsins síðan hann kom á markað. Alls höfðu 14.074 Yaris-bílar verið skráðir frá upphafi í október og af þeim eru 11.609 ennþá í notkun eða 82,5% allra bílanna sem verður að teljast gott því að hann kom á markað hér um aldamótin.

Sportlegri bíll

Bíllinn hefur breyst nokkuð á milli kynslóða og óhætt er að segja að nýi bíllinn sé nokkuð sportlegur í útliti. Að framan eru hvassari línur í ljósum og loftinntökum og brettin, og þá sér í lagi afturbrettin, eru breiðari. Einnig er hægt að fá bílinn í tvískiptum lit. Bíllinn kemur á nýjum GA-B undirvagni sem er 37% stífari en áður og það finnst vel í akstri bílsins. Stýrið er létt og fljótt að svara hreyfingum ökumanns og fjöðrunin er mátulega stíf, enda þarf talsvert til að hann missi grip sitt við veginn. Helsta vélin sem er í boði er 1,5 lítra þriggja strokka vél sem skilar 114 hestöflum og er hún tengd við lítinn rafmótor. Við vélina er hægt að fá 6 gíra kassa eða CVT-skiptingu sem er kannski ekki sú sportlegasta en skilar ágætlega sínu. Gallinn við hana er að þegar bílnum er gefið inn er hann fljótur upp á snúning sem eykur hávaðann í farþegarýminu. Með þessari vél er bíllinn mjög sprækur og ekki skemmir rafmótorinn fyrir upptakinu auk þess sem hann hefur góð áhrif á eyðsluna.

Plássið í meðallagi

Að innan er bíllinn bæði smekklegur og vel búinn. Yngri kaupendur kunna vel að meta þá staðreynd að snertiskjárinn er með blátannarbúnaði, bakkmyndavél og síðast en ekki síst Apple CarPlay og Android Auto. Það er þægilegt að nota alla hnappa og hefðbundin snúningsstilling á miðstöð sem er með loftkælingu er kostur. Eitt var það þó sem hefði mátt bæta, en hurðarhandfang í innréttingu er svart að lit og frekar illa staðsett, þannig að það tók alltaf smátíma að finna það til að byrja með. Þótt bíllinn sé fimm millimetrum styttri en fyrirrennarinn er hjólhafið 50 mm lengra. Bíllinn er einnig 50 mm breiðari en 40 mm lægri enda finnst það vel í höfuðrými aftur í. Fótarými er viðunandi fyrir bíl í þessum flokki og það sama má segja um pláss annars staðar, hann setur engin ný viðmið í plássi en sleppur vel fyrir horn. Sama má segja um farangursrými, en 286 lítrar er í meðallagi í þessum flokki bíla. Afturljósin taka sitt pláss en stærð opsins er samt ágætt. Það er helst hvað stuðarar eru fyrirferðarmiklir þegar kemur að hleðslu.

Hvað er í boði?

Samkeppnin kemur aðallega frá Renault Clio, Volkswagen Polo og Ford Fiesta, sem einnig er fáanleg með tvinnútfærslu. Reyndar er Honda Jazz það einnig ásamt Suzuki Swift þótt þeir séu ekki eins algengir. Þegar kemur að samanburði á verði er nauðsynlegt að hafa möguleika á tvinnútfærslu í boði en ódýrasta útgáfa Yaris með tvinnútærslu er Live Hybrid sem er á 3.770.000 kr. Tvinnútgáfa Ford Fiesta er frá 3.090.000 kr., Suzuki Swift frá 3.275.000 kr. og Honda Jazz frá 3.990.000 kr. Aðeins Jazz er einnig í boði sjálfskiptur eins og Yaris í tvinnútfærslum en Fiesta og Swift aðeins beinskiptir.

Bíllinn liggur vel í akstri og þótt hann lyfti hér aðeins afturdekki þegar lagt er snöggt á hann er hann fljótur að ná gripinu aftur.

Innanrýmið er vel hannað og þægilegt að nota allan stjórnbúnað.

Hliðarhurðir taka mikið af hliðarrými bílsins eins og sjá má en það auðveldar aðgengi um þennan litla bíl til muna.

Höfuðrými er í minna lagi í aftursætum og þeir sem eru 180 sm og yfir munu reka sig upp undir.

Farangursrými er talsvert minna en hjá helstu samkeppnisaðilum.

Þriggja strokka 1,5 lítra vélin er að verða aðalvélin í Yaris-línunni.

SUZUKI

Way of Life!

AFHENDING SAMDÆGURS!*

*ÞÚ EKUR HEIM Á NÝJUM SUZUKI Á MEÐAN AÐ BIRGÐIR ENDAST

ÞÚ FÆRÐ EINA MILLJÓN FYRIR GAMLA BÍLINN, UPP Í NÝJAN SUZUKI S-CROSS 4X4

ÁSTAND OG TEGUND SKIPTIR EKKI MÁLI OG ÞÚ EKUR HEIM Á NÝJUM SJÁLFSKIPTUM 4X4 SUZUKI S-CROSS

4X4

SUZUKI S-CROSS FJÓRHJÓLADRIFINN

VERÐ FRÁ KR.
5.490.000

Við aðstoðum þig við fjármögnun. Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Suzuki S-Cross er fjórhjóladrifinn sportjeppi með aflmiklum og sparneytnum vélum og aksturseiginleika í sérflokki.

Aktu heim á nýjum Suzuki S-Cross og gerðu lífið og veturinn skemmtilegri.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

KOSTIR OG GALLAR

Maxus Euniq MPV

Grunnverð: Ekki fáanlegt
Hestöfl: 177
Tog: 310 Nm
Hámarkshraði: 160 km
Rafhlaða: 52,5 kWst

Hleðslutími AC: 8 klst.
Hleðslutími DC 80%: 30 mín.
Drægi skv. WLTP: 325 km
Eigin þyngd: 1.810 kg
Dráttargeta: 400 kg

L/B/H: 4.825/1.825/1.778 mm
Hjólhaf: 2.800 mm
Veghæð: 164 mm
Farangursrými: 1.026/485 lítrar

KOSTIR
- Rými
- Verð

GALLAR
- Felling miðjusætis
- Enginn útihitamælir

Hliðarsvipur bílsins minnir einna helst á smárútu og hurðirnar eru risastórar en það auðveldar mikið umgengni um bílinn. MYNDIR: TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Maxus Euniq MPV ber nafn með rentu

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Maxus er eitt af nýju rafbílamerkjunum sem nú hasla sér völl í Evrópu og á Íslandi og bjóða ört vaxandi úrval rafbíla.

Enginn rafmagnsbíll fyrir fleiri en fimm farþega hefur verið í boði fyrir utan Tesla Model X, en nú er allt í einu svo að hægt er að velja um tvo slíka bíla í viðbót. Annar þeirra verður kynntur eftir áramót og er frá nýja Maxus-merkinu úr Skeifunni. Bíllinn heitir Maxus Euniq MPV og ber sannarlega nafn með rentu. Þetta er annar rafbíll merkisins á Íslandi en hann er framleiddur á SAIC sem einnig á MG. Maxus Euniq er einnig framleiddur með brunahreyflum og er því engin nýsmíði, enda þegar verið framleiddur í stórum stíl fyrir Asíumarkað.

Vel búinn í grunninn

Það dylst engum að Maxusinn er stór bíll þegar komið er upp að honum. Það er nánast allt stórt við bílinn, hurðir, skjáir, sæti og margt fleira. Það verður enginn í vandræðum með að koma sér fyrir í þessum bíl og sjaldan eða aldrei hefur bílaprófari Fréttablaðsins reynt bíl með jafn mikið höfuðrými og þennan. Bíllinn er vel búinn í grunninn, með stórum rafdrifnum leðursætum, rafdrifnu sólþaki, stórum upplýsingaskjá, 360 gráðu myndavél og meira að segja gamaldags sígarettukveikjara. Einnig má nefna neyðarhemlun, blindhornsskynjara, fjarlægðarskynjara og Apple CarPlay og Android Auto. Til að virkja Apple CarPlay þarf að nota snúru og þar sem hann er ekki búinn leiðsögubúnaði er gott að geta haft þann möguleika. Upplýsingaskjárinn í bílnum er af stærri gerðinni eða 12,3 tommur, en það dugir samt ekki til að sýna alla möguleikana á heimaskjánum. Þarf að renna fingri á skjánum til að færa útsýnið til sem verður að teljast ansi sérstakt. Annað sem vakti athygli undirritaðs er vöntun á útihitamæli, og ekki í fyrsta skipti í bílum frá SAIC. Maður hefði haldið að í jafn vel búnum bíl og þessum hefði verið hægt að splæsa í einn slíkan.

Maxus Euniq MPV er byggður á bíl með brunahreyfli og því er nóg pláss í kringum rafmótorinn sem ekki er nýtt.

Allt í yfirstærð

Það er nánast alveg sama hvar það er skoðað, plássið er alls staðar

Fasteignablaðið

48. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 1. DESEMBER 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali.
899 9083

Rakel Arnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

VALHÖLL FASTEIGNASALA
STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Einstök útsýnisíbúð með tvöföldum bílskúr

Freyjubrunnur 23 í Úlfarsárdal

Sýnum daglega hafið samband — Thelma sími 860 4700

Tveggja herbergja 122,8 fm þakíbúð
Skemmtilegar útsýnissvalir 25 fm
Tvöfaldur bílskúr, innangengt í stigagang
Verð 63,9 m.

FJÖLHÚS FASTEIGNASALA

www.fjolhus.is Ármúla 3 sími 511 1020

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Íbúðin er stórglæsileg með fallegu útsýni.

Falleg íbúð í Urriðaholti

Fold fasteignasala s. 5521400, fold@fold.is kynnir: Stórglæsilega íbúð á fyrstu hæð í litlu fjölbýlishúsi á góðum stað í Urriðaholtinu. Frábært útsýni yfir Urriðavatn og gengið út á stóran sólpall til suðurs og vesturs.

Íbúðin er skráð 141,1 fm og er á góðum stað í Urriðaholtinu. Hún skiptist í anddyri, þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofu, eldhús, þvottahús og tvö baðherbergi, 8,8 fm geymsla er á hæðinni. Auk þess fylgir sérstæði í yfirbyggðri bílageymslu og sérstæði við húsið.

Nánari lýsing: Anddyri er með eikarparketi. Stór hvítlakkaður forstofuskápur. Eldhús er með fallegri hvítlakkaðri innréttingu með góðri eyju. Stofa og borðstofa er rúmgóð með eikarparketi og frá henni er útgengt á ca. 60 fm viðarpall með frábæru útsýni.

Barnaherbergi eru tvö með eikarparketi, annað er mjög rúmgott og gengið frá því út á viðarpall. Hjónaherbergi er með eikarparketi. Útgengt er á pall. Gengið er inn í hjónaherbergi frá holi, þar sem er fataskápur og frá því er gengið inn í baðherbergi eitt sem er með gráum flísum á gólfi. Upphengt salerni og sturtuklefi. Góð hvítlökkuð innrétting með góðum skápum. Opnanlegur gluggi.

Gengið er inn í baðherbergi 2 frá gangi og er það með gráum flísum. Upphengt salerni og baðkar. Góð hvítlökkuð innrétting með góðum skápum. Opnanlegur gluggi er á baðinu. Þvottahús með hvítum skápum og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Gólfhiti er í íbúðinni. Rúmgóð geymsla er á hæðinni.

Þetta er mjög falleg eign með glæsilegu útsýni í Urriðaholtinu sem vert er að skoða, stutt er í golfvelli og gönguleiðir.

Vinsamlegast bókið einkaskoðun hjá löggiltum fasteignasölum Foldar.

RÁÐGJÖF
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR
Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala.
Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Strikið – Sjálandi Garðabæ. 60 ára og eldri.
Ein 2ja herbergja íbúð eftir! Leitið upplýsinga á skrifstofu.

Freyjugata. Heil húseign.

- Afar vel staðsett um 320,0 fm. einbýlishús, jarðhæð, efri hæð og ris við Freyjugötu 47 í Reykjavík auk 63,0 fm. bílskúrs. Rishæð hússins, sem byggð var síðar, er ekki skráð í Fasteignaskrá en fyrir liggja samþykktar teikningar vegna hennar.
- Sér 3ja herbergja íbúð er á jarðhæð hússins. Risloft er óinnréttað og með góðum gluggum til allra átta og útgengi á svalir til suðurs með frábæru útsýni. Risloftið er mjög vel manngengt að stórum hluta.
- Eignin stendur á rólegum og eftirsóttum stað á 620,0 fm. eignarlóð sem er ræktuð með steyptum veggjum í kring að hluta, steyptri innkeyrslu og hellulögðum stéttum.

Verð 159,0 millj.

Auðarstræti – Heil húseign

- Vel staðsett 266,7 fm. heila húseign með 4 x stúdíóíbúðum auk 3 x íbúðaherbergja með sameiginlegu baðherbergi og eldhúsi á góðum stað í miðborginni.
- Miklir tekjumöguleikar í langtímaleigu.
- Skipulagi eignarinnar var nýlega breytt og innréttaðar fjórar 2ja herbergja íbúðir auk 3ja íbúðarherbergja. Allar eldhúsinnréttingar, öll baðherbergi og gólfefni að stórum hluta eru nýleg.
- Lóðin er 650,0 fermetrar, frágengin og tyrfð. Á lóð er nokkuð rúmgóður geymsluskúr.

Verð 135,0 millj.

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Byggingaraðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á **www.105midborg.is**

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á **www.105midborg.is**

Ingólfsstræti. Parhús með tveimur íbúðum.

- Parhús með tveimur íbúðum í útleigu á 351,0 fermetra afgritri lóð með 8-10 sér bílastæðum á virkilega góðum stað í miðborginni.
- Tvær 2ja herbergja íbúðir eru í húsinu, ein á hvorri hæð, og eru þær báðar í útleigu. Góðir tekjumöguleikar til lengri tíma.
- Parhúsið er í þokkalegu ástandi að innan og utan, en þarfnast einhvers viðhalds og endurbóta.
- Mögulegt væri að leigja út bílastæði á lóðinni til viðbótar, en nýtt rafmagnshlið var sett upp á lóðina fyrir nokkrum vikum síðan og hún því lokuð fyrir óviðkomandi umferð.

Leifsgata 9. Tvær íbúðir- 3ja – 4ra herbergja íbúð og studióíbúð.

Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 94,4 fm. nýlega innréttuð og vönduð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð.
- 41,2 fm. nýlega innréttuð 2ja herbergja íbúð á baklóð í sérstæðu húsi.
- Báðar íbúðirnar eru mikið endurnýjaðar og eru í góðu ástandi. Möguleiki á góðum leigutekjum.
- Íbúðunum fylgir sér innkeyrsla/bílastæði við Leifsgötuna sem þinglýst er eingöngu á þessar íbúðir.
- Frábær staðsetning í miðborginni.

Verð 64,9 millj.

Laufásvegur 19. 3ja herbergja endurnýjuð íbúð.

- Virkilega falleg og mjög mikið endurnýjuð 3ja herbergja 108,3 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi í steinsteyptu húsi við Laufásveg í Reykjavík.
- Íbúðin var öll innréttuð á vandaðan hátt árið 2017. Lofthæð í íbúðinni er um 2,75 metrar. Tvær sérgeymslur fylgja íbúðinni.
- Stofa með gluggum í tvær áttir. Rúmgott endurnýjað eldhús. Tvö rúmgóð herbergi.
- Ný gólfefni og innihurðir. Raflagnir og tafla endurnýjuð sem og neysluvatnslagnir, ofnar og ofnalagnir.

Verð 59,9 millj.

Verið er að klára framkvæmdir við eignina að utan og verða þær greiddar af seljanda.

Grenimelur 32. 3ja herbergja íbúð - sérinngangur.



- 3ja herbergja rúmgóð og björt íbúð með sérinngangi í kjallara í nýlega viðgerðu og steinuðu þríbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í vesturbænum.
- Íbúðin er þó nokkuð endurnýjuð m.a. baðherbergi og gólfefni að stórum hluta sem og ofnar og ofnalagnir að mestu leyti.
- Húsið var allt viðgert að utan og steinað upp á nýtt fyrir um 7 árum síðan.
- Lóðin er gróin og rækuð með tyrfðri flöt, trjágróðri, nýlegri hellulögn upp við húsið og steyptum veggjum í kring.

Verð 47,9 millj.

Naustavör 9 – Kópavogi. Ein íbúð eftir !

- Ný og glæsileg 4ra herbergja íbúð í 3ja hæða glæsilegri nýbyggingu við Naustavör 9 í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðin er 129,2 fm og er með innréttingum frá Brúnás og AEG eldhústækjum.
- Eigninni fylgir 23,7 fermetra verönd til austurs.
- Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is
- Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning.

Lundur 22 – Kópavogi. Tvær íbúðir eftir !

- **Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir á 1. og 2. hæð í 3ja hæða glæsilegri nýbyggingu við Lund 22 í Kópavogi.**
- Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar.
- Innréttingar eru frá Brúnás ehf.
- Arkitektar: Guðmundur Gunnlaugsson (Archus) og Gunnar Páll Kristinsson (Rýma arkitektar). Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is
- Íbúðir verða afhentar á tímabilinu des 2020.

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

Dimmuhvarf 27
203 Kópavogur

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jason í síma **775 1515**

Glæsilegt 356 fm einbýlishús með 3 aukaíbúðum

- Eignin skiptist í aðalhús (4ra herbergja og bílskúr) - 3ja herbergja íbúð á neðri hæð með sérinngangi
- Bakhús sem er útfært sem 2 íbúðir
- Önnur er stærri og er 3ja herbergja
- Minni íbúðin er stúdíóíbúð
- Stór geymsla í gestahúsinu og önnur minni við hliðina á studio íbúðinni
- Hellulagt bílaplan

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **192 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Mánagata 2
105 Reykjavík

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Páli í síma **893 9929**

Vel skipulagt 190 fm parhús með aukaíbúð í kjallara

- Eldhús, stofa og borðstofa á aðalhæðinni
- Tvö stór svefnherbergi á efri hæðinni
- Góð leigueining í kjallara

Nánari upplýsingar:
Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Verð: **86,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Þrastarás 53
220 Hafnarfjörður

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Þórhalli í síma **896 8232**



Mjög gott og fallegt 186,3 fm endaraðhús, þar af innbyggður bílskúr 27,8 fm

- Frábært útsýni og staðsetning í Ásahverfinu Í Hafnarfirði.
- Húsið er að mestu á einni hæð en tv/stofa og eitt svefnherbergi á efri hæð.
- Rólegt og gott umhverfi og stutt í leik- og grunnskóla.
- Fjöldi fallegra gönguleiða.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

Verð: **88,8 millj.**

Dragavegur 3
104 Reykjavík

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jason í síma **775 1515**



Glæsilegt mikið endurnýjað 249 fm einbýlishús

- Eldhús, tvö baðherbergi, 3-4 herbergi, stofa, sjónvarpsrými, baðstofa, geymslur og bílskúr
- Gróinn garður, verönd og heitur pottur
- Stutt í Laugardalinn, skóla og alla þjónustu

Nánari upplýsingar:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **127 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

sími

569 7000

www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Nú fer hver að verða síðastur að tryggja í sér íbúð í Sólborg og Stuðlaborg, óseldum íbúðum fer mjög hratt fækkandi

LAUGARNES

Nokkur dæmi um íbúðir í Stuðlaborg

HÆÐ	EIGN	HERB	STÆRÐ	VERÐ
1	101	3	89,4 fm	**55,9 millj.**
1	106	4	142,6 fm	**84,9 millj.**
1	111	3	101,2 fm	**62,9 millj.**
1	113	2	65,7 fm	**44,9 millj.**
2	208	4	163,9 fm	**99,9 millj.**
3	304	3	90,6 fm	**60,9 millj.**
3	313	2	84,1 fm	**56,9 millj.**
3	314	3	93,0 fm	**62,9 millj.**
4	404	3	91,7 fm	**64,9 millj.**
4	405	2	63,3 fm	**49,9 millj.**
4	411	3	117,8 fm	**84,9 millj.**
4	412	2	66,9 fm	**53,5 millj.**
5	501	2	61,8 fm	**54,9 millj.**
5	503	2	63,8 fm	**54,9 millj.**
5	508	3	100 fm	**79,9 millj.**
5	509	3	114,8 fm	**88,9 millj.**
5	510	2	70,7 fm	**56,9 millj.**
5	511	2	85,3 fm	**64,9 millj.**

Komið, skoðið og ráðfærið ykkur við **sölumenn okkar!** – www.105midborg.is/miklaborg

105 MIÐBORG

Íslandssjóðir ÍAV

Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali **Sími: 822 2307** olafur@miklaborg.is
Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali **Sími: 899 5856** gunnar@miklaborg.is
Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali **Sími: 845 8958** jorunn@miklaborg.is
Páll Þórólfsson lögg. fasteignasali **Sími: 893 9929** pall@miklaborg.is
Hitaveitulagnir	4.500	m
Fjarskiptalagnir	12.600	m
Raflagnir götulýsingar	8.100	m
Götuljósastólpar	200	stk

Verkframkvæmdin er áfangaskipt á eftirfarandi hátt:

Áfangi A, Björkurstekkur	1. september 2021.
Áfangi B, Hólastekkur	1. september 2022.
Hitaveitutenging um Hólastekk skal að fullu lokið:	1. desember 2021.
Áfanga C, Hluti Móstekks	1. október 2023.
Áfanga D, Móstekkur kláraður:	1. júní 2024.
Verkinu skal að fullu lokið:	1. júní 2024.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 1. desember 2020. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

https://is.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/0d968d22-34c0-4acd-b3d2-2308dcb8bf93

Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Snýst í suðvestan 13-20 með skúrum með morgninum, en léttir til norðaustanlands. Hiti 1 til 7 stig, en kólnar í kvöld.

	°C	m/s
Reykjavík	5	15
Ísafjörður	4	12
Akureyri	5	13
Egilsstaðir	6	9
Kirkjubæjarkl	5	14
Hveravellir	0	23

Miðvikudagur

	°C	m/s
Reykjavík	-1	11
Ísafjörður	-4	20
Akureyri	-2	12
Egilsstaðir	1	4
Kirkjubæjarkl	0	9
Hveravellir	-7	15

Fimmtudagur

	°C	m/s
Reykjavík	-6	9
Ísafjörður	-7	10
Akureyri	-3	5
Egilsstaðir	-2	7
Kirkjubæjarkl	-4	5
Hveravellir	-12	15

LÉTT

			4				6	9
9			2	6		5		
2		7		9			1	4
					8			3
	9			7	4		8	1
	4	3				7		
4		9	5					
	5			8	2			
	2		7					

MIÐLUNGS

1			3	4		2	6	8
				6	9			
	5			1		7		
					4	8	2	
8	1	4				3		
			5		6			
4				7		5	1	
	3							2
6		9						

ÞUNG

	6						7	
	5		7		6		8	2
4								
9	7		4				3	
5	4	6					9	
				9		1		
1		4			8			
	3		9					7
	8						5	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 lögunar
5 óvissa
6 tveir eins
8 sterkar
10 í röð
11 flökta
12 sníkjur
13 viðureign
15 hryggðar
17 ginna

LÓÐRÉTT
1 mælieining
2 niður
3 þrep
4 ástand
7 hyrningur
9 marðardýr
12 etja
14 stafur
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 forms, 5 efi, 6 tt, 8 rammar, 10 mn, 11 iða, 12 snap, 13 leik, 15 angurs, 17 narra
LÓÐRÉTT: 1 fermila, 2 ofan, 3 rim, 4 staða, 7 trapisa, 9 minkur, 12 siga, 14 enn, 16 rr

7	9	6	3	5	2	1	4	8
8	3	5	4	9	1	2	7	6
1	2	4	6	7	8	3	9	5
2	4	9	8	3	6	5	1	7
3	5	8	1	2	7	4	6	9
6	7	1	5	4	9	8	2	3
9	1	3	7	8	4	6	5	2
4	8	2	9	6	5	7	3	1
5	6	7	2	1	3	9	8	4

7	8	4	2	3	6	5	1	9
9	2	6	1	5	8	7	3	4
5	3	1	7	9	4	6	8	2
4	9	3	5	6	1	8	2	7
1	5	8	4	7	2	9	6	3
2	6	7	9	8	3	1	4	5
6	1	9	3	2	7	4	5	8
3	4	5	8	1	9	2	7	6
8	7	2	6	4	5	3	9	1

8	7	3	5	9	2	6	1	4
4	5	9	3	6	1	8	2	7
1	6	2	7	4	8	5	9	3
9	3	1	6	5	4	7	8	2
5	2	4	9	8	7	1	3	6
6	8	7	1	2	3	4	5	9
3	9	5	8	7	6	2	4	1
7	4	8	2	1	9	3	6	5
2	1	6	4	3	5	9	7	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák

Gunnar Björnsson

Lukovnikov á leik gegn Losev í Sovétríkjunum sálugu árið 1980.

1. Dxg6+! fxg6 2. Bc4+ Kg7 3. Bxf8+ Kxf8 4. Hhf1+ Kg7 5. Hd7+ Kh8 6. Hh1# 1-0.

Íslandsmót ungmenna fór fram um helgina. Níu Íslandsmeistarar krýndir! Í gær lauk Skilling Open á Chess24. Carlsen og Wesley tefldu til úrslita.

www.skak.is: Þriðjudagsmót TR.

Hvítur á leik

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Er hann einstakur?

fatboy®

Hann er Fatboy Original.

Fatboy | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588 1955 | sekkur.is

FÖGNUM FULLVELDI

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Það var stór áfangi í lífi þjóðarinnar sem náðist með fullveldi þann 1. desember árið 1918. Í dag er því stórmerkur hátíðisdagur sem við skulum fagna vel og rækilega yfir góðum og þjóðlegum mat með nánustu fjölskyldu. Og hvaða matur er betur til þess fallinn en íslenskt lambakjöt, sem hefur fylgt okkur frá upphafi landnáms, í 1146 ár, og átt svo ríkan þátt í áfangasigrum Íslendinga.

Búum til hefðir og borðum íslenskt – náttúrulega.

Minningar og hugsanir um myndbreytingar

Listakonan Anna Jóa sendir frá sér listaverkabók með myndum og ljóðrænum textum. Hún lýsir innihaldi bókarinnar sem ljóðateikningum og segist alltaf hafa dregist mjög að nánd og töfrum vatnslita.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hugmyndin að bókinni kviknaði árið 2016, segir Anna Jóa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hamir er listaverkabók eftir listakonuna Önnu Jóu. Í bókinni eru litprentanir af teikningum og vatnslitamyndum ásamt ljóðrænum textum.

Spurð hvers konar hami hún sé að fjalla um segir Anna Jóa: „Hamirnir eru í grunninn fatnaður en svo vindur sú hugsun upp á sig. Hugmyndin að bókinni kviknaði árið 2016 þegar ég vann að undirbúningi sýningar og hugurinn leitaði tólf ár aftur í tímann, til fáeinna blýantsteikninga af flíkum sem ég hafði lagt frá mér. Ég hafði hrifist af hversdagsfegurð þeirra, mynstrum og efnum, og á þeim tíma hafði ég byrjað að horfa á klæði sem hami og velta fyrir mér hliðstæðum þess að hafa fataskipti og taka hamskiptum.

Þessar teikningar komu í framhaldi af málverkum sem ég hafði þá unnið að um nokkurt skeið og fólu í sér hugleiðingar um vensl innri afla og yfirborðs, sjálfs og umhverfis. Þegar ég opnaði svo teikniblokkina með þessum teikningum skynjaði ég sterkt tímann sem liðinn var og tilfinningin fyrir hömum varð enn áleitnari. Ég leit í kringum mig, kom auga á uppáhaldstrefil, tók upp blýant, fletti upp á nýrri síðu í teikniblokkinni og byrjaði á nýrri mynd þar sem frá var horfið. Þá var eins og tíminn gufaði upp; ég stökk aftur í tímann en fann þó að ég var að ýmsu leyti hamskiptingur, enda liðin tólf ár. Minningar og hugsanir um myndbreytingar og umbreytingar kölluðu fram ljóðræn skrif samfara gerð nýrra teikninga og vatnslitamynda og úr varð bókin Hamir.“

Samspil mynda og texta

Spurð hvort hún hafi unnið texta og myndir nokkurn veginn samhliða segir Anna Jóa: „Þetta var samhangandi ferli enda eru skrif og teikning náskyldar athafnir. Skrifin voru spunakennd, og gátu af sér knappa texta sem ég sýni við hlið teikninganna, sem eins konar hliðarsjálf þeirra. Í hönnun bókarinnar er áhersla á andrými og samleik mynda og texta, og líka stígandi í þeirri frásögn sem fólgin er í samslættinum.“

Hún er spurð hvernig hún myndi skilgreina textann og svarar: „Textarnir eru ekki settir fram sem prósi, en kannski eru þeir á mörkum ljóða og prósaljóða. Ég hef stundum lýst innihaldi bókarinnar sem ljóðateikningum. Í bókinni er ef til vill fólgin viss frásögn en einnig má lesa einstaka texta, en einnig myndirnar, sem ljóð. Og þóesían er ekki síst í samspili mynda og texta.“

Töfrar vatnslita

Í bókinni eru 32 litprentanir af blýants- og litblýantsteikningum og myndum sem unnar voru með gvassi, sem er tegund vatnslita.

> **SKRIFIN VORU SPUNAKENND, OG GÁTU AF SÉR KNAPPA TEXTA SEM ÉG SÝNI VIÐ HLIÐ TEIKNINGANNA, SEM EINS KONAR HLIÐARSJÁLF ÞEIRRA.**

„Ég minnist þess frá námsárunum í Myndlista- og handíðaskólanum að sagt var um teikningar mínar að þær væru maleríska, sem ég held að megi rekja til áhuga á birtu og hreyfingu, og nánar tiltekið á þeim fínlegu en mikilvægu hræringum sem íslenskan á um frábært orð: „blæbrigði“ – en það er eiginlega lágstemmd gerð hamskipta. Í Hömum er undirliggjandi frásögn af slíkri tjáningu og því hvernig hún magnaðist þegar ég tók upp vatnslitina. Ég hef alltaf dregist mjög að nánd og töfrum vatnslita.“

Ástríða fyrir eigin listsköpun

Spurð hvort hún hafi fengist mikið við skáldskap segir listakonan: „Líklega má segja að ég hafi gert það, í víðum skilningi orðsins „skáldskapur“, enda fengist lengi við listsköpun. Ef hugsað er um skáldskap orðanna, þá hef ég notað texta í ýmsum myndlistarverkum, en það var fyrst með Hömum sem ég braust inn í rými hversdagsins með aðferð ljóðsins, eins og Jóhannes Dagsson orðar það í eftirmála sem hann ritar í bókina. Ég hef haldið margar sýningar á myndverkum mínum en þetta er fyrsta bókin mín, og ég er með þá næstu í smíðum. Af einhverjum ástæðum hefur ljóðræn textagerð sótt á mig í tengslum við myndsköpunina og þetta hefur sett svip á síðustu sýningar mínar, til dæmis í Listasafni Árnesinga í fyrra og nú síðast einkasýningu í Nesstofu.“

Anna Jóa lauk námi í Myndlista- og handíðaskólanum og hélt til framhaldsnáms í París og lauk þar meistaranámi í myndlist árið 1996. Hún hefur sýnt talsvert í gegnum tíðina bæði hér heima og erlendis, aðallega olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar, sem og texta- og ljósmyndaverk og stundum þrívíð verk. „Ég hef alltaf verið grúskari og haft áhuga á listasögu og því fór ég síðar í listfræði við Háskóla Íslands og lauk þar bæði BA- og MA-prófum. Í framhaldinu fór ég að vinna talsvert við umfjöllun um myndlist, bæði sem kennari, gagnrýnandi og fræðimaður. En sú reynsla hefur síður en svo dregið úr ástríðu minni fyrir eigin listsköpun,“ segir hún.

Miðvikudaginn **9. desember** gefur Fréttablaðið út sérblaðið

JÓLAGJÖF FAGMANNSINS

Á fagmaðurinn í fjölskyldunni ekki skilið bestu fáanlegu jólagjöfina, hvort sem hann er að ditta að bílnum, er að smíða í skúrnum, vinnur í garðinum, sinnir listum, eldar og svo margt fleira?

Jólagjöf Fagmannsins er frábært blað sem hefur komið út fyrir jólin síðustu 5 ár og núna horfum við til netverslunar í stórum mæli.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jóhann Waage jólasölu-og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími 550-5656 / johannwaage@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Beltone **Amaze**™
Samskiptin við okkar nánustu eru dýrmætust
Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir nærveru við þína nánustu á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Amaze**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

ÞITT BESTA ÁR HEFST MEÐ RÚMI FRÁ HÄSTENS

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum næturs vefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®
HASTENS.COM

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bókahornið Þátturinn fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.30 Lífið er lag Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Stjórnandinn Niðurtalning í Viðurkenningarhátíð FKA sem haldin verður 27. janúar 2021. Á hátíðinni koma framlína íslensks viðskiptalífs og félagskonur FKA saman til að heiðra konur úr atvinnulífinu.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Stórsveit Samúels og Magga Stína
09.05 Kastljós
09.20 Menningin
09.25 Eldað með Ebbu - jól
09.55 Á líðandi stundu 1986
11.20 Svona fólk Plágan - 1983-1995
12.10 Okkar á milli Einar Þór Jónsson
12.45 Tónaflóð - Jóhanna Guðrún Jóhanna Guðrún - Tvær stjörnur
12.50 Bækur og staðir Kirkjuból
13.00 Dagur íslenskrar tónlistar
13.45 Jólalag RÚV 2016
13.50 Landakort Hústjórnarskólinn - jólaráð
14.00 Ungverjaland - Ísland Bein útsending frá leik í undankeppni EM kvenna í fótbolta.
16.35 Cherrie - Út úr myrkrinu
16.55 Menningin - samantekt
17.15 Reikistjörnurnar í hnotskurnPlanets - Minisodes
17.25 Jóladagatalið. Snæholt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jóladagatalið - Jól í Snædal
18.26 Jólamolar KrakkaRÚV Jólasaga og jólatónlist
18.40 Jólamolar KrakkaRÚV Jólatónlist
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Ávarp forseta Íslands
19.45 Kastljós
20.00 Menningin
20.20 Okkar á milli
21.05 Sannleikurinn um HIV Truth About HIV Heimildarþáttur frá BBC þar sem Dr. Chris van Tulleken kynnir sér þróun vísindarannsókna á HIV-veirunni. Hann hittir lækna, vísindamenn og fólk með HIV.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Þegar rykið sest Når støvet har lagt sig
23.20 Svikamylla Bedrag
00.20 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

06.00 European Tour 2020 Útsending frá Alfred Dunhill Championship.
11.00 European Tour 2020
16.00 2020 Champions Tour. Year in Review
16.50 European Tour 2020 Útsending frá Alfred Dunhill Championship.
21.25 European Tour 2020

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 American Housewife
14.25 Tveir mánar
15.25 BH90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Speechless
19.30 mixed-ish
20.00 House of Cardin
21.40 Innan vi dör
22.40 The Chi
23.30 The Late Late Show
00.15 Emergence Spennandi þáttaröð um lögreglukonu sem tekur að sér litla stelpu sem stendur ein, minnislaus eftir dularfullt slys.
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Nurses
02.30 Gold Digger
03.25 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Dánarfregnir
13.02 Það sem skiptir máli
13.05 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Tónlistarhátíð Rásar 1 2020
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Atómstöðin. Lestur hefst (1 af 17)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.35 The Art of Racing in the Rain
13.20 Batman. Hush
14.30 Say Her Name. The Life and Death of Sandra Bland
16.15 The Art of Racing in the Rain
18.00 Batman. Hush Hörkuspennandi teiknuð mynd um Batman.
19.15 Say Her Name. The Life and Death of Sandra Bland
21.00 Jurassic World. Fallen Kingdom
23.05 American Ultra
01.00Hunter Killer
02.35 Jurassic World. Fallen Kingdom

STÖÐ 2

08.00 The Middle
08.20 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Ultimate Veg Jamie
10.50 First Dates
11.35 NCIS
12.15 Jóladagatal Árna í Árdal
12.35 Nágrannar
12.55 Friends
13.15 Life and Birth
14.00 Eldhúsið hans Eyþórs
14.25 Your Home Made Perfect
15.25 The Mindy Project
15.50 Grand Designs
16.35 Jólaboð Jóa
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Last Man Standing
19.10 Shark Tank
20.20 Hell's Kitchen USA
21.05 The Sounds
21.55 Warrior
22.45 The Undoing
23.35 True Detective
00.35 True Detective
01.30 Grantchester
02.15 Shetland
03.10 Shetland

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.25 Friends
20.50 The Goldbergs
21.10 Supernatural
22.05 Game of Thrones
23.05 Game of Thrones
00.00 Slicon Valley
00.35 Friends
00.55 Friends
01.20 The Goldbergs

STÖÐ 2 SPORT

09.25 Coventry - Birmingham
11.05 Football League Show
11.30 Olympiacos - Manchester City
13.10 Bayern München - Salzburg
14.50 Inter - Real Madrid
16.30 Liverpool - Atalanta
18.10 Meistaradeildarmörkin
18.35 Seinni bylgjan - karla
19.35 FA Cup - Highlight Show
20.05 Barca - Valencia Basket Club Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
21.55 Seinni bylgjan - karla
22.55 Spænsku mörkin
23.45 La Liga. Top Vintage Goals Sérstakur þáttur þar sem mörg glæsileg mörk úr sögu spænsku úrvalsdeildarinnar eru rifjuð upp.
00.15 Porto - Manchester City Útsending frá leik Porto - Manchester City í Meistaradeild Evrópu.

STÖÐ 2 SPORT 2

06.45 Reading - Bristol City
08.25 Football League Show
08.50 Sassuolo - Inter Milan
10.35 Real Madrid - Alavés
12.15 Ítölsku mörkin
13.05 Real Betis - Eibar
14.45 Torino - Sampdoria
16.25 Genoa - Parma
18.05 Spænsku mörkin
18.55 Ensku bikarmörkin
19.30 Meistaradeildarmessan
22.00Meistaradeildarmörkin
22.20 Shakhtar Donetsk - Real Madrid
00.00 Liverpool - Ajax

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

nar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Guðný, Lilja, Guðjón, Páll, Ólöf, Eva, Hulda, Davíð, Sólveig, Sveinn, Steinunn,
r, Unnur, Birgir, Þórunn, Óskar, Þóra, Kolbrún, Alexandra, Berglind, Bryndís, Karl, Ásdís, Jóhannes, Jóna, Íris, Ha
ndri, Hrafnhildur, Ásgeir, Justyna, Elfa, Haraldur, Róbert, Birna, Linda, Ágúst, Erna, Kjartan, Smári, Tómas, Þórdís
nína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Júlíana, Guðlaug, Aron, Bjarki, Hanna, Atli, Halla, Tanya, Sigurbjö
ur, Baldur, Rúnar, Anton, Kristjana, Sandra, Karen, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Hjördís, Harpa, Alexander, Bj
ni, Örn, Hrefna, Rósa, Hólmfríður, Andrea, Aðalheiður, Björgvin, Brynja, Ragnhildur, Gunnhildur, Stefanía, Tinna,
ug, Helena, Ingvar, Sævar, Sindri, Ingólfur, Snorri, Gyða, Reynir, Arna, Ágústa, Kári, Halla, Garðar, Laufey, Kristó
Haukur, Hlynur, Þórir, Elsa, Ingunn, Þórarinn, Rannveig, Jakob, Þorbjörg, Dagný, Hafsteinn, Svava, Sóley, Ása, Try
, Grétar, Vilhjálmur, Ari, Hjalti, Jón, Guðrún, Anna, Sigurður, Guðmundur, Sigríður, Kristín, Arndís, Gunnar, Margr
rún, Einar, Magnús, Ingibjörg, Artur, Kristján, Hannes, María, Stefán, Jóhanna, Jóhann, Björn, Jean, Elín, Árni, Bja
erður, Pétur, Arnar, Katrín, Kristinn, Guðbjörg, Ásta, Hildur, Erla, Daði, Gísli, Ragnar, Ragnheiður, Daníel, Þorstein
n, Bjartur, Páll, Ólöf, Eva, Hulda, Davíð, Sólveig, Sveinn, Steinunn, Elísabet, Inga, Auður, Unnur, Birgir, Þórunn, Ó
Berglind, Ófeigur, Bryndís, Karl, Ásdís, Jóhannes, Jóna, Íris, Haukur, Sara, Halldóra, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, H
bert, Birna, Linda, Ágúst, Erna, Kjartan, Ýr, Tómas, Þórdís, Sigurjón, Jónas, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda,
r, Guðlaug, Aron, Bjarki, Hanna, Atli, Sigurbjörg, Rakel, Hilmar, Eiríkur, Nadezda, Baldur, Rúnar, Böðvar, Kristjana
jar, Benedikt, Hafdís, Lára, Hjördís, Harpa, Ásgerður, Alexander, Björg, Fannar, Sverrir, Egill, Guðni, Örn, Sigurbo
ríður, Aðalheiður, Björgvin, Brynja, Ragnhildur, Stefanía, Tinna, Andrea, Ómar, Áslaug, Helena, Agnes, Ingvar, Sa
Snorri, Reynir, Arna, Sebastian, Ágústa, Kári, Halla, Garðar, Laufey, Kristófer, Viktor, Hafþór, Sigurlaug, Hlynur, Þo
órarinn, Rannveig, Axel, Jakob, Þorbjörg, Dagný, Hafsteinn, Torfi, Svava, Sóley, Ása, Tryggvi, Ívar, Ingi, Soffía, Gr
, Ari, Hjalti, Jón, Guðrún, Anna, Sigurður, Guðmundur, Sigríður, Kristín, Gunnar, Margrét, Arnaldur, Helga, Ólafu
nús, Ingibjörg, Kristján, María, Stefán, Jóhanna, Jóhann, Björn, Elín, Árni, Kevin, Bjarni, Helgi, Halldór, Pétur, Arn
tinn, Guðbjörg, Ásta, Hildur, Erla, Gísli, Ragnar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Guðný, Lilja, Guðjón, Páll, Ólöf, E
lveig, Sveinn, Steinunn, Elísabet, Inga, Auður, Unnur, Birgir, Þórunn, Indriði, Óskar, Þóra, Kolbrún, Berglind, Bryn
nnes, Jóna, Íris, Haukur, Erling, Sara, Halldóra, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, Eiður, Haraldur, Róbert, Birna, Linda, Á
iðar, Tómas, Þórdís, Arnór, Sigurjón, Jónas, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Guðlaug, Aron, Sel
li, Sigurbjörg, Rakel, Hilmar, Eiríkur, Baldur, Rúnar, Kristjana, Sandra, Karen, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Birta
xander, Björg, Sverrir, Egill, Guðni, Örn, Hrefna, Rósa, Hólmfríður, Aðalheiður, Lína, Björgvin, Krzysztof, Brynja, R

21.659.629 þakkir!
Þið vitið hver þið eruð.

Viðskiptavinir Orkunnar hafa nú afhent Votlendissjóðnum **21.659.629 kr.** sem safnast hafa sl. 15 mánuði. Saman hafa Orkan og viðskiptavinir hennar kolefnisjafnað sem samsvarar 88.568 hringjum í kringum landið. Með því að fylla aftur upp í skurði sem hafa lokið hlutverki sínu endurheimtum við votlendið. Votlendissjóðurinn tryggir að öll framlög nýtist á ábyrgan og áhrifaríkan hátt, umhverfinu og okkur öllum til heilla.

ORKAN

Endurheimt votlendis
SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is

Fatnaðurinn verður til sýnis í Rauðakrossbúðunum við Laugaveg, á Akureyri og Egilsstöðum.

Áherslan á sjálfbærni eykst með hverju ári

Aukin áhersla hefur verið lögð á sjálfbærni í hönnun síðustu árin. Annars árs nemar í fatahönnun við LHÍ hafa unnið línur í samstarfi við Fatasöfnun Rauða krossins. Tískusýning varð að bíða en hægt er að berja útkomuna augum í verslunum Rauða krossins.

Misbrigði er samstarfsverkefni fatahönnunarbrautar og Fatasöfnunar Rauða kross Íslands. Nemar á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands vinna línur unnar í samstarfi við Fatasöfnunina.

„Það er tilkomið vegna áhuga beggja aðila á því að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem Fatasöfnun Rauða krossins sinnir og vandans sem fylgir textílsóun annars vegar og hins vegar að gefa fatahönnunarnemum tækifæri á áhugaverðu lærdómsferli. Það er von okkar allra sem komum að þessu að fólk átti sig á þeirri hættu sem stafar af sóuninni í dag, vandi betur valið þegar fatnaður er keyptur, reyni að lengja líftímann með öllum ráðum og að lokum að henda ekki neinum textíl heldur láta hann heldur af hendi rakna til Fatasöfnunarinnar," segir Katrín María Káradóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar við Listaháskóla Íslands.

Hún segir námskeiðið upphaflega hafa byrjað sem tilraunaverkefni en nú öðlast fastan sess á brautinni. Aukin áhersla hefur verið lögð á sjálfbærni, ekki bara í fatahönnunardeild, heldur skólanum öllum.

„Það er þó alltaf einhver þróun í því, til dæmis hvernig við nálgumst efnivið, lengd og nú breytta miðlun. Það hefur frá upphafi verið kennt á öðru ári og verið svona fyrsta verkefnið í náminu sem markvisst hefur verið unnið með það í huga að miðla út fyrir veggi skólans.

Hvað sjálfbærni varðar þá hef ég lagt mjög aukinn þunga á sjálfbærni á fatahönnunarbrautinni og það má segja um allar brautir Hönnunardeildar og skólans alls í heild sinni enda ekki vanþörf á."



Luminous Desire eftir Örnu I. Arnórsdóttur. MYND/EGILL MAGNÚSSON

Christina Wärchter vildi túlka vellíðan í flíkum. MYND/JANINA LINDROLLS

Katrín segir að hugmyndin um að sýna í búðargluggunum hafi kviknað þegar þau áttuðu sig á að þau yrðu að vinna námskeiðið í kringum breyttan veruleika.

„Venjulega höfum verið verið með tískusýningu og svo í framhaldinu aðra sýningu sem fjallað hefur dýpra um ferlið og um fatasöfnunina þar sem fólk hefur getað komið og skoðað skissubækur, ljósmyndir teknar bak við tjöldin, skoðað fötin í návígi og eitt árið gafst meira að segja tækifæri til að máta. Nú í haust var ekki hægt að treysta á að við gætum haft slíkt í boði en við sáum líka strax tækifæri sem annars konar miðlun býður upp á og ákváðum að gera myndbönd."

Katrín María segir breytt fyrirkomulag hafi opnað á að geta sýnt víðar enda séu bæði Fatasöfnunin og Listaháskólinn að þjónusta allt landið.

„Við sáum fyrir okkur að í þessu ástandi væri gaman að nú, þegar allir eru úti að ganga þegar svo margt er lokað, gætu þeir séð verkin og kannski fengið innblástur fyrir eigin hugmyndir," segir hún.

Heimsfaraldurinn hefur eins og áður sagði haft áhrif á miðlun verkefnisins að sögn Katrínar.

„En svo hafa verið nokkuð tíðar lokanir eða þrengri opnun á saumaverkstæði, hópaskiptingar, grímur, hanskar og spritt. Við höfum verið heppin með að ekki eru margir nemendur á hverju ári en það hefur þurft að skipta upp og skiptast á og annað eins og gengur. Þetta hefur samt gengið ótrúlega vel og allir lagst á eitt um á að láta þetta ganga enda mjög skemmtilegt og skapandi verkefni og boðskapurinn auðvitað gríðarlega mikilvægur."

Hægt er að skoða verkefnin nánar á misbrigdi.com.

steingerdur@frettabladid.is

Línan Deformography er eftir Halldór Karlsson. MYND/VAKA NJÁLSDÓTTIR

„Meginstef línunnar eru hnútar sem hnýttir eru á ólíka vegu," segir Tekla Sól Ingibjartsdóttir um sína línu. MYND/EYRÚN HADDÝ HÖGNADÓTTIR

Línan 1940 er innblásin af spænskum konum á eftirstríðsárunum og er eftir Maríu Sabaró. MYND/MARÍA SABARÓ

Úr línunni Einurð eftir Atla Geir Alfreðsson en hann fékk meðal annars innblástur frá mínímalískum íslenskum arkitektúr. MYND/ATLI GEIR ALFREÐSSON

MEST SELDU ÆVISÖGURNAR!

TIL HELJAR OG HEIM!

1. SÆTI
ÆVISÖGUR
BÓKSÖLULISTINN

Sakleysi æskunnar. Íslenska rappið og leiðin á toppinn. Að falla til botns í neyslu og leiðin til baka.

Sóli Hólm skrifar dramatíska og stórmerkilega ævisögu Herra Hnetusmjörs.

„Bókin rennur alveg ferlega vel ... þetta er djúsí, það vantar ekkert uppá það.“
Jakob Bjarnar Grétarsson, Vísir.is



„SETUR NÝ VIÐMIÐ“ „HRÍFANDI“ „AFBRAGÐSBÓK“

2. SÆTI
ÆVISÖGUR
BÓKSÖLULISTINN

★★★★½

„Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir setur um margt ný viðmið í ævisagnaskrifum í bókinni Berskjaldaður, sem er saga Einars Þórs Jónssonar. ... snertir lesendur.“
Sigurður Bogi Sævarsson, Morgunblaðinu

„Hrífandi örlagasaga, full af örlæti, óbilandi ást og mannúð.“
Sigmundur Ernir Rúnarsson

„Afbragðsbók um ótrúlega merkilegan mann.“
Sigmar Guðmundsson



BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

DORMA
Láttu drauminn rætast
SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

Heima er best
» Jólin 2020 «

Gerðu góð kaup i verslunum okkar eða á dorma.is og við sendum allar vörur frítt

DORMA HOME sængurföt

Sængurfötin frá Dorma Home eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem gefur frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Þau eru með OEKO-TEX® vottun um að þau séu framleidd án allra skaðlegra efna. Sængurfötin koma í nokkrum mismunandi mynstrum/litum og fást í 3 stærðum.

Fullt verð	Fullt verð	Fullt verð
140 x 200 cm: **9.990 kr.**	140 x 220 cm: **11.990 kr.**	200 x 200 cm: **16.990 kr.**
Aðeins: **7.992 kr.**	Aðeins: **9.592 kr.**	Aðeins: **13.592 kr.**

ROMA svefnsófi

Vel bólstraður og mjúkur click-clack svefnsófi í sterku áklæði sem fæst í 5 mildum, fallegum litum. Hægt er að lyfta höfða- eða fótahluta. Bak er tvískipt; hægt er að leggja annan eða báða hluta niður. Hæð sófa í svefnstöðu er 50 cm og svefnpláss er 120x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **74.900 kr.**

DÝNA, BOTN, FÆTUR OG GAFL

SEALY BOSTON heilsurúm

Boston City koma í tveimur gráum. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Boston 160 x 200 cm	**Boston 180 x 200 cm**	**Boston 200 x 200 cm**
Fullt verð: 279.900 kr.	**Fullt verð: 299.900 kr.**	**Fullt verð: 349.900 kr.**
209.925 kr.	**224.925 kr.**	**262.425 kr.**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Þróttaramömmurnar Berglind og Tobba með boltastelpurnar á milli sín. Margréti Lóu, sem ýtti eiginlega öllu af stað, og Sölku Elínu sem var sérlegur ráðunautur foreldra sinna í hönnun og myndavali. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sara er aðalnúmerið í jólafótboltadagatali

Berglind Ingvarsdóttir og **Tobba Ólafsdóttir** brugðust við skorti á jóladagatali með fremstu knattspyrnukonum heims. Söru Björk fannst hugmynd þeirra frábær og hún er að sjálfsögðu númer 24.

Berglind Ingvarsdóttir og Tobba Ólafsdóttir segjast vera fótboltamömmur hjá „stórveldinu í dalnum“, eins og þær kalla Þrótt, og brugðust skjótt við þegar Berglind komst að því að hvergi í heiminum virðist vera hægt að fá jóladagatal með myndum af knattspyrnukonum.

„Dóttir mín sá sem sagt strákafótboltajóladagatal og sagði við mig að hana langaði í svona. Bara með stelpum. Ég sagði að þetta væri geggjuð hugmynd og að ég myndi gúggla þetta vegna þess að svona hlyti að vera til þótt ég hefði ekki séð það á Íslandi,“ segir Berglind sem taldi lítið mál að uppfylla ósk dóttur sinnar.

Engar stelpur

Leit Berglindar að fótboltastelpudagatali á netinu reyndist árangurslaus. „Bara strákar. Mér fannst þetta svo fáránlegt að þetta væri ekki til þannig að ég sagði að ég myndi bara gera eitt heimatilbúið handa henni.“

Verkefnið reyndist umfangsmeira en hún ætlaði í upphafi þannig að hún ákvað að það yrði miklu skemmtilegra að gera dagatalið enn veglegra og endaði með að fá Tobbu í lið með sér.

„Þá auðvitað hugsaði ég strax til Tobbu sem rekur listagalleríið og prentverkstæðið Farva hérna í hverfinu og þau hjónin eru náttúrlega miklir Þróttarar,“ segir Berglind og þær drifu í að framleiða jóladagatal með 24 fótboltaspjöldum með fremstu fótboltakonum í heimi.

„Það náttúrlega seldi mér þetta bara þegar Berglind sagði mér að þetta væri ekki til svona með kvenfyrirmyndum. Þá var mér bara alveg sama hvað ég ætti að gera. Ég yrði bara með,“ segir Tobba sem hannaði spjöldin en Sæþór, maðurinn hennar, hellti sér í myndvinnsluna.

Söru Björk leist svo vel á hugmyndina að dagatalinu að hún sendi sjálf myndirnar sem notaðar eru á spjaldið hennar sem sker sig aðeins úr bunkanum. MYND/AÐSEND

Of góð hugmynd

„Ég sá fyrir mér að prenta kannski tuttugu stykki fyrir fótboltavinkonurnar,“ heldur Berglind áfram en þær ákváðu síðan að þær þyrftu að leyfa fleirum að njóta. „Þetta var bara allt of góð hugmynd,“ segir Berglind.

„Undirtektirnar voru líka strax þannig að ekki var um að villast að það væri eftirspurn,“ bætir Tobba við um dagatalið sem samanstendur af 24 umslögum og jafnmörgum límmiðum sem leggja grunninn að dagatali sem hver og einn útbýr fyrir sig þannig að úr verður „skemmtilegasta jóladagatal ársins“ eins og þær orða það.

Strax eftir að hugmyndin kviknaði hjá Berglindi byrjaði hún að viða að sér upplýsingum og naut þess að landsliðskonan fyrrverandi Edda Garðarsdóttir er mjög góð vinkona hennar.

„Hún hjálpaði mér að velja 24 stelpur,“ segir Berglind og Tobba bætir við að spjöldin hennar Berglindar séu frábrugðin hefðbundnum fótboltaspjöldum. „Hún aflaði miklu meiri upplýsinga og við erum með miklu ítarlegri upplýsingar um þessar konur en eru á þessum hefðbundnu fótboltaspjöldum.“

> **DÓTTIR MÍN SÁ SEM SAGT STRÁKAFÓTBOLTAJÓLADAGATAL OG SAGÐI VIÐ MIG AÐ HANA LANGAÐI Í SVONA. BARA MEÐ STELPUM.**

Spjöldin prýða myndir af fremstu fótboltakonum í heimi og sjálfsagt kemur fæstum á óvart að Sara Björk Gunnarsdóttir, landsliðskona og Evrópumeistari með Lyon, er þar fulltrúi Íslands.

Stelpan okkar

„Sara Björk er náttúrlega stjarnan í dagatalinu,“ segir Berglind og bætir við að hún komi að vitanlega upp á aðfangadag. „Hún er númer 24 og við gerðum hennar spjald svolítið öðruvísi til að draga hana út vegna þess að auðvitað er mega spennandi að íslensk kona sé bara á meðal þeirra allra fremstu í heimi.“

„Okkur langaði að gera hana aðeins einstakari heldur en hinar og þar sem við erum Íslendingar voru heimatökin hæg þannig að Berglind bara skrifaði henni og fékk náttúrlega svar og Sara náttúrlega bara er einstök,“ heldur Tobba áfram.

„Henni fannst þetta bara geggjuð hugmynd og var strax til í að hjálpa okkur og sendi okkur myndirnar af sér. Hún var rosalega ánægð með þetta og við erum ekkert smá glaðar með það,“ segir Berglind.

Dagatalið er selt til styrktar fótboltastelpum í 4. og 5. flokki Þróttar í netverslun Farvi.is.

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

GILDIR AÐEINS Á WWW.PENNINN.IS

GILDIR AÐEINS Á WWW.PENNINN.IS

CYBER MONDAY

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!*

*á ekki við um húsgögn.

AUK FJÖLDA ANNARA FRÁBÆRA TILBOÐA AÐEINS Á VEFNUM OKKAR WWW.PENNINN.IS

FRÍ HEIMSENDING**

EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA Á VEFNUM OKKAR.

Þú færð SMS og símtal áður en við mætum.
Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.
**á ekki við um húsgögn.

LÝKUR Í DAG!

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

A.T.H. að tilboð gilda aðeins á www.penninn.is. Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 1. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 | RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is | AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is | PRENTUN Torg ehf. | DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

KINDA sögur 2. BINDI
Fæst í verslunum okkar á Selfossi og í Ármúla 42
Bókakaffið

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Sóttvarnalæknir í limbói

Af fréttaflutningi að heiman fæ ég ekki annað séð en að fólk sé almennt ánægt með framgöngu þríeykisins, svokallaða, þó vissulega finnist skoðanir á öndverðum meiði. Sömu sögu er ekki að segja frá Spáni þar sem einn sóttvarnalæknir stendur með storminn í fangið. Hann heitir Fernando Simón og mega sumir ekki líta hann ógrátandi meðan aðrir sjá glettilegu hliðina á gremju sinni og kalla hann Don Simón.

Er spádómsgáfa hans sögð svo misheppnuð að sagt er að hann hafi spáð fyrir um að Bæjarar næðu ekki að valda neinum usla í vörn Börsunga fyrir leikinn sem Þjóðverjarnir unnu svo átta tvö. Helsta glappaskot hans í starfi var kannski þegar hann dró úr mikilvægi andlitsgríma þegar skortur var á þeim í upphafi, en vildi hann með því koma í veg fyrir uppþot. Eins var hann viðhlæjandi í gríni um föngulega hjúkrunarfræðinga sem var ekki til að bæta vinsældirnar. En þegar kemur að vísindunum er erfiðara að henda reiður á afglöpum hans eða afrekum.

Þegar rýnt er nánar í almenningsálit þetta kemur í ljós að fólk skiptist alveg í tvö horn: vinstrimenn virðast sjá þarna hálfgerðan Messías, meðan hægrimenn sjá hann sem mink í hænsnakofa. Ástæðan er sú að hann var ráðinn til verka af vinstristjórninni.

Svo er alltaf verið að tala um að umræður séu svo hollar, og þetta margfræga samtal sem allir eiga að taka. Jú, eflaust eru þær það þó oft geri þær ekki annað en að sýna manni hversu liðlega heili fólks rennur eftir fyrirfram lögðum flokksteinum.

Beint í bílinn úr lúgunni
Kvikk ON THE GO | ORKAN

Þú færð glösin fyrir jólaboðið hjá okkur
ZWIESEL GLAS
BAKO ÍSBERG
ELDHÚS ALLRA LANDSMANNA
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

JÓLAGJAFIR sem gleðja

Öll verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

HERRA- & DÖMU-SLOPPAR
JÓLAVERÐ frá kr. 8.750.-

OOFOS HEILSUINNISKÓR
EINSTAKLEGA MJÚKIR, LÉTTIR OG ÞÆGILEGIR
JÓLAVERÐ kr. 9.990.-

Vandyck
MJÚKU VAN DYCK LÖKIN
MEÐ ALOA VERA ÁFERÐ. MARGIR LITIR

20% AFSLÁTTUR
NÝR 2020 HEILSUKODDI
BODYPRINT
STILLANLEGUR HEILSUKODDI
AÐLAGAST FULLKOMLEGA AÐ HÁLSI OG HÖFÐI
Verð frá kr. 18.900.-
JÓLATILBOÐSVERÐ kr. 15.120.-

MIKIÐ ÚRVAL AF RÚMTEPPUM
Í FLESTUM STÆRÐUM

FALLEG HANDKLÆÐI OG SLOPPAR

DURANCE
GLITRANDI JÓLAILMIR FRÁ DURANCE

ThermoFit
BODYPILLOW/VIÐHALDSKODDINN
ÚR ÞRÝSTIJÖFNUNAREFNI
Verð áður kr. 19.900.-
JÓLATILBOÐSVERÐ kr. 15.920.-

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

100% SVEFN - 100% HEILSA
Góð hvíld

FRIGG/ÓÐINN
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPTAR HEILSUDÝNUR Á FRÁBÆRU VERÐI
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbaksstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

Reverie Sleep well tonight. Live better tomorrow.™ | BODYPRINT®
VÖNDUÐ, STILLANLEG HJÓNARÚM
9Q RAFBOTNINN uppfyllir allar þínar kröfur um þægindi. Hægt að lyfta undir höfuð og fótasvæði. Nuddtækni með fjórum bylgjukerfum og líkamsnuddi með 10 styrkleikastigum. Þráðlaus hleðslustöð með USB tengi til að hlaða snjalltæki.
BODYPRINT HEILSUDÝNA veitir fullkomna þyngdar-dreifingu sem styður við líkamann frá toppi til táar. Margsvæðaskipting dýnunnar ásamt sérsniðnum mjóbakstuðningi gefur einstaka þrýstijöfnun og færir okkur á nýjan stað í svefni.

FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND Á NÆSTU STÖÐ *NEMA ÚTSÖLUVÖRUR
VEFVERSLUN svefnogheilsa.is
KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Í VEFVERSLUN OKKAR

Svefn & heilsa ★★★★★
VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR
Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 - AKUREYRI | LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK | LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

Framúrskarandi fyrirtæki 2020 | 2018-2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is

Passar vel í pakkann!

10.000 kr. afsláttur

Samsung Galaxy
S20 5G 128GB

159.990 kr.

~~Fullt verð: 169.990 kr.~~

10.000 kr. afsláttur

Apple iPhone
11 64GB

119.990 kr.

~~Fullt verð: 129.990 kr.~~

10.000 kr. afsláttur

Apple iPhone
11 Pro 64GB

164.990 kr.

~~Fullt verð: 174.990 kr.~~

10.000 kr. afsláttur

Apple iPhone
SE 64GB

74.990 kr.

~~Fullt verð: 84.990 kr.~~

Apple iPhone
12 mini 64GB

139.990 kr.

Apple iPhone
12 64GB

159.990 kr.

Apple iPhone
12 Pro 128GB

199.990 kr.

Apple iPhone
12 Pro Max 128GB

219.990 kr.

Apple Watch
Series SE LTE 40mm

64.990 kr.

~~Fullt verð: 69.990 kr.~~

5.000 kr. afsláttur

Tilboðin gilda á nova.is út þriðjudaginn 1. desember til miðnættis.

5.000 kr. afsláttur

Apple Watch
Series 6 LTE 40mm

94.990 kr.

~~Fullt verð: 99.990 kr.~~

Nýtt eSIM

Engin röð og endalaus gleði!

Fleiri dúndurdílar bara á nova.is

Novasvellið er opið!

Skilað og skipt!
Við endurgreiðum ef hann er ekki sá rétti

Díll er díll!
Splæsum mismuninum ef verðið lækkar

Afsláttur á aukahlutum
10% afsláttur af aukadóti með símanum

Endurgræddu
Gamalt og gott upp í nýtt og betra!

Rúllaðu inn í aðventuna

Afhending 14. desember

Xiaomi
Rafskúta Essential

39.990 kr.

~~Fullt verð: 49.990 kr.~~

10.000 kr. afsláttur

Xiaomi
Rafskúta 1S

54.990 kr.

~~Fullt verð: 69.990 kr.~~

15.000 kr. afsláttur

Xiaomi
Rafskúta Pro 2

59.990 kr.

~~Fullt verð: 79.990 kr.~~

20.000 kr. afsláttur

Power
Zero 8

67.990 kr.

~~Fullt verð: 82.990 kr.~~

15.000 kr. afsláttur

Apple
HomePod mini

Fullkomnaðu heimilið með þessum snjalla sambýling.
Forsala hafin á nova.is – afhending 14. des.

10% afsláttur

Apple
HomePod mini

22.491 kr.

~~Fullt verð: 24.990 kr.~~

25% afsláttur

Urbanista
Stockholm Plus

9.742 kr.

~~Fullt verð: 12.990 kr.~~

13.000 kr. afsláttur

Samsung
Galaxy Buds+

16.990 kr.

~~Fullt verð: 29.990 kr.~~

10% afsláttur

Apple
AirPods (2019)

24.291 kr.

~~Fullt verð: 26.990 kr.~~

5.000 kr. afsláttur

Apple
AirPods Pro

39.990 kr.

~~Fullt verð: 44.990 kr.~~

Finndu fleiri díla bara á nova.is

15% af Sonos | **20%** af Philips Hue | **20%** af aukahlutum

30% afsláttur

Nova
Spjallspjöld

1.043 kr.

~~Fullt verð: 1.490 kr.~~

40% afsláttur

Xiaomi
TS Skjágleraugu

2.994 kr.

~~Fullt verð: 4.990 kr.~~

40% afsláttur

Xiaomi
Band 5

5.994 kr.

~~Fullt verð: 9.990 kr.~~

5.000 kr. afsláttur

Hyper Massage 3
Rafnuddari

17.990 kr.

~~Fullt verð: 22.990 kr.~~

Heimsent eða sótt, það er allskonar hægt!

Slepptu röðinni og fáðu nýja dótið sent heim að dyrum, sæktu á afhendingarstað Dropp eða veldu að sækja í Nova Lágmúla og við hlaupum út í bíl til þín með græjurnar!